



BRÁKARHLÍÐ

HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILI

Saga heimilis í 50 ár



Ertu að huga að jólanum og réttu gjöfinni fyrir þig og þitt starfsfólk?
Við bjóðum upp á mikið úrval af fallegri vöru sem er tilvalin í jólagjöf
Við sérsníðum gjafakörfur að þínum óskum og komum með verðhugmyndir
Bjóðum upp á fría innpökkun og heimkeyrslu á starfstöð/fyrirtæki
Við minnum einnig á vinsælu gjafabréfin okkar
FOK gjafavöru- og lífsstílsverslun, Borgarbraut 58 – fok@fok.is – 437-2277



Brákarhlíð í fimmtíu ár

Ágæti lesandi,
Brákarhlíð á sér langa og merka sögu eins og rak-ið er hér í blaði þessu. Fulltrúar Brákarhlíðar, stjórn og starfsmenn, hafa unnið að þessu afmælisblaði undir öruggri handleiðslu starfsmanna héraðsfréttablaðsins Skessuhorns og vil ég hér, f.h. okkar í Brákarhlíð, þakka því góða fólki gott samstarf við undirbúning og vinnu við þetta afmælisblað heimilisins.

Það styttest í fimmtugsafmæli Brákarhlíðar sem verður 31. janúar 2021. Við höfðum sett okkur það markmið, fyrir um ári síðan, að hafa fimmtugasta starfsárið töluvert líflegt, með uppákomum og samkomum í tilefni þessara merku tímamóta. Sett var saman afmælisnefnd sem átti að halda utan um verkefnið. En svo kom Covid 19, sending sem enga óraði fyrir um áhrifin af. Allt var sett á ís varðandi hátíðarhöld, en eitt hélt sér. Það er þetta blað sem við vildum gefa út til þess að kynna fyrir samferðafólki okkar í héraði og öðrum vildarvinum fyrir hvað Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, stendur.

Eitt af því sem við höfum stefnt að nú á afmælisári er að byggja gróðurhús í og við garð heimilisins. Óformleg söfnun fór af stað og viðbrögðin urðu hreint út sagt ótrúleg. Félagasamtök og einstaklingar hafa nú þegar fært Hollvinasamtökum heimilisins til þessa verkefnis rúmlega tvær milljónir króna að gjöf. Hlé hefur verið á undirbúningi undanfarið en við vonumst til að í kringum hinn eiginlega afmælisdag getum við hrint af stað frekari vinnu og formlegri söfnun og að sumarið 2021 rísi gróðurhús hjá okkur. Gaman er að segja frá því að undanfarin tvö ár höfum við skreytt garðinn okkar með sumarblómum sem hefur verið sáð til af heimilis- og starfsfólki og nostrað við fram eftir vori innanhúss hjá okkur, gróðurhús myndi t.d. bæta þann aðbúnað verulega sem og auka möguleika okkar til frekari vinnu.

Hollvinasamtök heimilisins voru nefnd hér að ofan. Þau samtök voru sett á laggirnar árið 2009 og síðan þá hefur nánast öllu gjafafé og styrkjum verið beint í þá átt. Minningarsjóður sem hefur haldið



Björn Bjarki Þorsteinsson.

utan um sölu á minningarkortum hefur einnig runnið í sjóð Hollvinasamtakanna. Í gegnum Hollvinasamtökin höfum við á undanförunum tólf árum náð að endurnýja öll rúm heimilismanna

okkur að við mannfólkið ráðum ekki öllu því sem gerist í kringum okkur eins og við höldum fyrir nokkrum mánuðum síðan. Ef einhver hefði sagt mér fyrir tíu mánuðum síðan að við myndum

starfshlutföllum. Við starfsfólkið störfum inn á heimili þeirra sem í Brákarhlíð búa, heimilismenn eiga sínar vistarverur og í kringum það þarf að skapa bæði notalegan heimilisbrag sem og skilvirkan vinnustað á ýmsan hátt. Heimilismenn eru á bilinu 52 til 58 eftir því hverjar heimildir okkar eru frá ríkisvaldinu. Þannig að við erum um 130 manns sem myndum það samfélag sem í Brákarhlíð býr og starfar, einstaklingar á aldursbilinu 16 ára og upp í stundum 100 ára, og já allt upp í 104 ára gamalt fólk, sem myndar samfélag sem samsvarar íbúatölu í litlu þorpi. Við höfum verið lánsöm hvernig úr hefur spilast og þar skiptir mannauður okkar og kunnátta í starfsmannahópnum öllu máli.

Á þeim tíma sem undirritaður hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra heimilisins hef ég verið lánsamur

Áskoranir þær sem við blöstu þegar undirritaður tók við góðu búi af Margréti Guðmundsdóttur voru töluverðar. Um árabíl hafði verið í gangi barátta við ríkisvaldið um heimild til að komast í endurbætur á húsakosti heimilisins og hafði því miður lítt miðað. En loks tókst það og fór allt á skrið árið 2010. Þá tóku við nýjar áskoranir við skipulagningu nýs húsnæðis og aðrar áskoranir við að halda starfseminni gangandi þrátt fyrir framkvæmdir innan- og utanhúss. Þegar sá tími, framkvæmdatíminn allur sem varði í raun um fjögur ár, frá 2010 til 2014, er rífaður upp getur maður ekki annað en dáðst að æðruleysi starfsmanna og heimilisfólks. Hávaði, rykmyndun og skert aðstaða haggði ekki nokkrum manni og hlutirnir gengu sinn gang í þeirri bjargföstu trú að betri tíð væri í vændum, og svo fór, 17. júní 2014 var endurbætt Brákarhlíð komin í gagníð þó eilíttill frágangur væri eftir. Enn eru áskoranir í rekstri Brákarhlíðar og það gerir dagana bara meira ögrandi að fást við heldur en ef allt væri á lygnum sjó. Samskipti við ríkisvaldið taka sinn tíma og við erum ætíð að berjast fyrir fjölgun rýma því biðlistinn er langur og ennfremur er barátta um að fá tryggari rekstrargrundvöll því alltaf viljum við gera betur fyrir heimilisfólk og okkar góða starfsfólk. Heildarvelta Brákarhlíðar er farin að losa 600 milljónir á ári og koma um 95% tekna heimilisins í gegnum svokölluð daggjöld sem ríkisvaldið greiðir til heimilisins. Aðrar tekjur eru vegna sölu á matarbökkum og leigutekjur og síðan höfum við notið húsnæðisframlags frá sveitarfélögunum og þannig náð að standa algerlega í skilum vegna lántökukostnaðar sem kom til vegna gríðarlegra endurbóta á húsakosti og stendur það framlag einnig undir viðhaldskostnaði á húsakosti okkar.

Á tímamótum sem þessum er mörgum sem ber að þakka, einstaklingar og félagasamtök hafa verið dyggir stuðningsaðilar okkar, samanber áðurnefnd kvenfélög, Lionsklúbbana í héraði og fleiri og fleiri sem hafa fært heimilinu að gjöf stórar og verðmætar gjafir sem nýst hafa til búnaðarkaupa. Einnig hafa núverandi og fyrrverandi starfsmenn verið óþreytandi við að aðstoða við ýmis verkefni, innan og utan vinnutíma og líka eftir að starfsmenn hafa verið hættir að vinna, samanber aðstoð við kaffihús sem starfrækt var síðastliðinn vetur og við vonandi getum endurvakið fljótlega, allt ómetanlegt á svo margan hátt.

Það er ósk okkar sem að þessari blaðaútgáfu stöndum að þetta afmælisrit veiti ákveðna innsýn í það umhverfi sem við störfum í. Brákarhlíð, áður Dvalarheimili aldraðra, hefur allt frá upphafi notið mikillar velvildar í héraðinu öllu, vonandi verður svo áfram og að heimilið nái, og fái, að vaxa áfram og dafna, öldruðum íbúum á starfssvæðinu og samfélaginu öllu til heilla.

Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Brákarhlíðar.



Hluti starfsfólks og íbúa í Brákarhlíð á fallegum haustdegi nýverið.

Ljós. Gunnhildur Lind Hansdóttir.

auk þess að bæta annan tækjakost varðandi umönnun verulega.

Þetta fimmtugasta starfsár hefur svo sannarlega verið lærdómsríkt. Það hefur sýnt

loka fyrir heimsóknir, skipta starfsmannahópnum upp í hópa, við myndum fara með andlitsmaska út að versla, eða hvað það nú er sem við fáumst við þessi misserin, hefði ég haldið að viðkomandi væri í besta falli galinn. Starfsfólk heimilisins hefur nánast verið í sjálfskipaðri sóttkví og nálgast viðfangsefnið af mikilli auðmýkt sem er alls ekki sjálfgefið en sýnir hug þess til heimilismanna í verki. Raunveruleikinn er á tíðum miskunnarlaus á margan hátt og eru Covid áskoranir ein birtingarmynd þess. Vil ég hér nota tækifærið til þess að þakka heimilisfólki í Brákarhlíð, okkar frábæra starfsfólki, aðstandendum og öðrum vildarvinum fyrir einstök viðbrögð á allan hátt við þeim aðgerðum sem við höfum gripið til, það er ómetanlegt að finna þann hlýhug allan og mörgum verður seint fullþakkað.

Brákarhlíð er á margan hátt sérstakur vinnustaður þar sem að jafnaði eru um 80 manns á launaskrá í mismunandi

með samstarfsfólk. Allur starfsmannahópurinn skiptir þar máli, þær Halla Magnúsdóttir, sem er forstöðumaður þjónustusviðs, og Jörunn María Olafsdóttir, sem er forstöðumaður hjúkrunarsviðs, mynda stjórnendateymi heimilisins og höfum gert það síðan snemma árs 2008. Einnig höfum við verið lánsöm hvað varðar skipan einstaklinga í stjórn heimilisins sem ber ábyrgð á rekstri heimilisins. Brákarhlíð er sjálfseignarstofnun með tryggja bakhjarla í sveitarfélögunum þremur sem eru á starfssvæði heimilisins en það eru Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur. Einnig hefur, frá fyrstu tíð, Samband borgfískra kvenna og kvenfélögin öll verið ötulir bakhjarlar. Stjórn nú er þannig skipuð að Jón G. Guðbjörnsson er formaður, varaformaður er Magnús Smári Snorrason og aðrir stjórnarmenn eru Lára Kristín Gísladóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Guðsteinn Einarsson og Páll S. Brynjarsson.



Gefið út 28. október 2020 í tilefni 50 ára afmælis Brákarhlíðar

31. janúar 2021.

Útgefandi: Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarbraut 65 Borgarnesi.

Ábyrgðarmaður: Björn Bjarki Þorsteinsson.

Umsjón með útgáfu: Skessuhorn – Fréttaveita Vesturlands.

Ritun efnis: Anna Rósa Guðmundsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnhildur Lind Hansdóttir, Jón G. Guðbjörnsson, Magnús Magnússon og fl.

Ljósmyndir: Anna Rósa Guðmundsdóttir, Gunnhildur Lind Hansdóttir, Ómar Örn Ragnarsson, Magnús Magnússon, Ljósmyndasöfn Brákarhlíðar og Ljósmyndasafn Skessuhorns.

Forsíðumynd: Ómar Örn Ragnarsson.

Umbrot: Skessuhorn - Ómar Örn Sigurðsson.

Dreifing: Til áskrifenda Skessuhorns og á öll heimili á starfssvæði Brákarhlíðar. Upplag 5000 stk.

Prentun: Landsprent.



Kveðja frá stjórn

Kæri lesandi!

Með þessu tölublaði Skessuhorns fylgir blaðauki helgaður þeim tímamótum að fimmtugasta starfsár Brákarhlíðar er að renna sitt skeið. Árið átti að verða ár viðburða til að minnast þeirra tímamóta að í byrjun næsta árs verða rétt 50 ár frá vígsludegi Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi. Þótt svo færi að góð áform urðu óframkvæmanleg vegna óvæntra aðstæðna þá var útgáfa þessa afmælisblaðs ein af þeim hugmyndum sem fyrirhugað var að hrinda í framkvæmd. Ætlunin er einnig að halda veglega afmælishátíð á sjálfan afmælisdaginn þann 31. janúar 2021. Vonandi tekst það; að því er stefnt.

Vígsludagurinn fyrir fimmtú árum var mikil sigurhátíð fyrir Borgfirðinga og ekki hvað sízt fyrir frumherjana, félagskonur í Sambandi borgfirzkra kvenna, að þeirra helzta baráttumál var í höfn. A þeirra vettvangi, sambandsþingi SBK 1957, var fyrst vakin athygli á þörfinni fyrir sérstakt heimili í héraði fyrir aldrað fólk þar sem það gæti átt athvarf og heimili á sínu ævikvöldi. Það gerði Steinunn Benediktsdóttir húsfreyja í Ausu. Kvenfélagskonur svöruðu kalli tímans og létu verkin tala, söfnuðu fé til framkvæmda og töluðu fyrir málinu. Leitað var liðsinnis sýslunefnda og hreppsnefnda og þannig eru sveitarfélögin enn þann dag í dag tryggir bakhjarlar

heimilisins ásamt SBK og skipa fulltrúa sína í stjórn þess. Í tvígang var heimilið stækkað til að geta brugðist við vaxandi eftirspurn. Svo á liðnum áratug, fimmta áratugnum í rekstri heimilisins, var það bæði stækkað og eldri hlutinn innréttaður upp á nýtt. Það var gert til þess að svara breyttum kröfum tímans um rýmri og betri aðbúnað. Nú hefur hver heimilismaður sitt einkarými og heimilið í heild sinni er fullkomlega í stakk búið til að rækja hlutverk sitt sem hjúkrunarheimili. Varla telst ofsagt að vel hafi tekizt til með uppbyggingu og endurbætur svo eftir hefur verið tekið.

Þegar nýja álman var vígð árið 2012 fékk heimilið nýtt nafn og heitir

nú fullu nafni Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, en daglega nefnt Brákarhlíð. Húsakostur heimilisins er góður. Það eitt er gott og blessað út af fyrir sig en ekki er minna virði sá mannaður sem fólgin er í starfsfólki heimilisins er þar gengur til starfa dag hvern. Það hefur sýnt sig undanfarna mánuði þegar hver dagur er áskorun. Þessi tími hefur verið öllum erfiður, heimilisfólki, starfsfólki og aðstandendum. Dapurlegast er að dýrmætur tími til samskipta og samveru fer forgörðum þegar hver dagur sem líður rýrir möguleikana til að bæta sér það upp síðar. Þessi veirufaraldur sem sem nú gengur yfir heimsbyggðina er óþurftargestur. Af honum stafar mikill háski. Fram hjá því verður ekki horft. Öll erum við þolendur með einhverjum hætti og heilu samfélögin eru á varðbergi. Brákarhlíð er eins og önnur hjúkrunarheimili, eðli máls samkvæmt, í viðkvæmri stöðu en jafnframt eru þau skjaldborg

um velferð heimilisfólksins. Þar er starfsfólk Brákarhlíðar allt sannarlega í framvarðarsveit. Þar ríkir virðing og umhyggja.

Í lok þessa pistils er rétt að minnast á vinnustaðinn Brákarhlíð og mikilvægi hans. Brákarhlíð er stór vinnustaður og stöðugur í okkar tiltölulega litla samfélagi. Yfir 50 ársverk eru innt af hendi í Brákarhlíð. Alls koma þar að verki 80-90 einstaklingar. Þannig eru all margir í hlutastörfum sem er mörgum hentugt. Önefnd eru afleidd störf við framkvæmdir, viðhald mannvirkja og aðfengin þjónusta af ýmsum toga. Heimilismenn eru á sjötta tug auk nokkurra sem koma til dagdvalar. Já, Brákarhlíð er sannarlega verðmætur staður í öllu tilliti.

Stjórn Brákarhlíðar væntir þess að þessi blaðauki Skessuhorns verði ykkur, lesendur góðir, til gagns og ánægju og að þið séuð margs vísari eftir lesturinn.

 **soundmaster®**
Gæða Retro græjur



Soundmaster NR995

Kemur í viðarlit og hvítu
PLötuspilari
DAB útvarp FM
CD spilari / USB spilari
Getur tekið upp stafrænt af
hljómplötum.
Bluetooth/spilar frá síma
2x20 wött RMS
Hljóm-mikil mubla

Verð kr. 99.900,-



Soundmaster PL905

DAB útvarp FM
CD spilari / USB spilari
litaskjár 2,4"
33/45/78 snúninga plötuspilari
Kassettu-spilari

Getur tekið upp stafrænt af hljómplötum

Verð kr. 74.900,-



Soundmaster DAB970

Kemur í viðarlit og svörtu
DAB útvarp FM
CD spilari / USB spilari
Bluetooth/spilar frá síma
Klukka með vekjara
litaskjár 2,4"
2x15 wött RMS
Nett en kraftmikil græja

Verð kr. 43.900,-

Tækniborg
Þín verslun í heimabyggð
Hyrnutorgi Borgarnesi
Sími—422-2211
sala@taekniborg.is

Halla og Sigga hafa unnið í Brákarhlíð í rúmlega þrjátíu ár

Halla Magnúsdóttir og Sigríður Skúladóttir hafa báðar unnið í Brákarhlíð frá því á níunda áratug síðustu ald- ar. Halla byrjaði að vinna þar sum- arið 1981, þá 16 ára gömul og vann þar næstu þrjú sumur. Hún fór þá til Akureyrar í þrjú ár þar sem hún starfaði sem sjúkraliði á sjúkra- húsinu. Þegar hún flutti svo aftur í Borgarfjörðinn fór hún að vinna í Brákarhlíð að nýju og hefur verið þar síðan með barnseignarívaði. Sigga tók fyrst til starfa í Brákar- hlíð vorið 1987 og hefur verið þar samfleytt síðan, fyrir utan tvö barn- eignarleyfi.

Önnur fjölskylda

Aðspurðar segja þær allar líkur á að þær verði áfram í Brákarhlíð út starfsaldurinn. „Mér líður vel hér og hef mikinn áhuga á því sem ég er að gera svo ég sé ekki fyrir mér að hætta,“ svarar Halla og Sigga tekur undir það. Hvorug þeirra hafði þó gert ráð fyrir að vera svo lengi í Brákarhlíð þegar þær tóku fyrst til starfa. „Þegar ég byrjaði að vinna hér vissi ég ekkert út í hvað ég væri að fara en svo kynntist ég bara svo dásamlegum konum hér sem kenndu mér margt, ekki bara í vinnunni heldur kenndu þær mér á lífið almennt,“ segir Sigga og brosir. „Það var ekkert meðvitað ákvörðun í upphafi að vera hér svona lengi. En það er bara svo gott að vinna með gamla fólkinu og samstarfsfólkið hér er alveg einstakt. Þessi hlýja og notalegheit sem gamla fólkið sýnir manni er eitthvað sem ég sé ekki að maður fái í öðru starfi. Þegar við vorum að byrja voru íbúarnir hér með meiri færni og þá voru sérstaklega konurnar orðnar stór partur af lífi manns. Þær voru að fylgjast með börnunum okkar og svo barnabörnum, fá fréttir af þeim og jafnvel kom fyrir að þær þrjónuðu vettlinga eða eitthvað annað fyrir börnin okkar,“ segir Halla. „Maður á bara aðra fjölskyldu hér,“ bætir Sigga við.



Halla Magnúsdóttir.

Miklar breytingar

Miklar breytingar hafa orðið í Brákarhlíð þann tíma sem þær Sigga og Halla hafa unnið þar og segja þær himinn og haf vera á milli starfseminnar þar í dag og fyrir þrjátíu árum. „Bara það hversu margir mæta hingað í vinnu á morgnana. Við vorum svo mikið færri þegar ég var að byrja,“ segir Sigga. „Á þeim tíma var þetta líka meira dvalarheimili og fólk fór á spítala ef það veiktist. Núna er þetta meira hjúkrunarheimili þar sem við hjúkrum heimilismönnum fram til hinstu stundar. Húsnæðið hefur líka tekið algjörum stakkaskiptum og svo er auðvitað búið að byggja við og breyta öllu skipulagi innanhúss,“ heldur Sigga áfram. „Fermetrum hefur náttúrulega fylgað um næstum helming svo þetta er orðið meira flæmi,“ segir Halla og bætir við að þegar hún byrjaði að vinna hafi allt verið mun stofnanalegra en það er í dag „Það var bara föst dagskrá alla daga, fólk fór bara í bað á ákveðnum tímum, borðaði á ákveðnum tímum og allt var bara eftir klukkunni. Núna hafa heimilismenn meira frelsi og ráða hvernig þeir verja deginum,“ segir Halla.

Vilja ekki gera neitt annað

Sigga og Halla eru sammála um að starfið sé gefandi en erfitt. Það taki sérstaklega á hversu marga þær hafa þurft að kveðja á þessum árum. „Maður venst því aldrei en þetta verður samt hversdagsleikinn fyrir manni og maður þjálfast í að takast á við að kveðja,“ segir Sigga. „Við erum líka í litlu samfélagi svo marga heimilismeðlimina þekkir maður vel og sumir eru jafnvel nánir ættingjar. Það er á vissan hátt gott að geta fengið að annast þá síðasta spottann en það er líka erfitt. Þessi langi tími sem við höfum unnið hér þýðir væntanlega að við höfum einhverja löngun og þörf fyrir það að hjálpa og hugsa um fólk,“ heldur Sigga áfram og Halla tekur heilsuhugar undir það. En hvernig ná þær sér niður eftir erfiða daga í vinnunni? „Stundum er maður einfaldlega búinn á því á sál og líkama og þá reyni ég að fara bara í göngutúr eða bara vera ein heima í friði með slökkt á öllu. Ég held það sé engin ein leið sem er best. Það mikilvægasta er að hver og einn finni sína leið til að hlaða batteríin að nýju,“ svarar Sigga. „Mér hefur gengið vel að klippa á milli vinnu og einkalífs og þegar ég er heima er ég bara þar, tek ekki vinnuna með



Sigríður Skúladóttir.

mér þangað til að velta mér upp úr henni. Kannski hefur það hjálpað hversu mörg áhugamál ég á til að snúa mér að. Ég hef samt oft hugsað með mér að þó þessi vinna geti verið erfið þá myndi ég ekki vilja vinna við annað. Hér fær maður ekkert nema þakklæti og væntumþykju og það er ómetanlegt,“ segir Halla.

Misjafnar aðstæður íbúa

Aðspurðar segja þær félagslegar aðstæður heimilismanna mjög mismunandi og stundum sé erfitt að horfa upp á fólk eiga fáa að. „Það fer eftir fólkinu sjálfu hvernig það tekur því að fá ekki heimsóknir,“ segir Halla. „Sumir hafa kannski bara vanist því að vera einir og vilja það jafnvel. Að vera einn og vera einmana er ekki það sama. Margir eru einfarar í eðli sínu og vilja ekki hafa fólk í kringum sig,“ segir Sigga. „Það fólk sem var í miklum og góðum samskiptum við sitt fólk áður en það kom í Brákarhlíð heldur því oftast áfram. Vissulega er misjafnt hversu duglegt fólk er að koma og aðstæður ólíkar. Mér finnst þó hafa aukist að fólk komi í heimsókn,“ segir Sigga og bætir við að heimsóknirnar hafi líka breyst. „Þegar við komum hingað fyrst bjó hér nægjusöm kynslóð og fólk var bara ánægt að hafa stól að sitja á og

að fá mat að borða. Núna er hér kynslóð sem er vön meira umstangi og allskonar afþreyingu sem var bara ekki í boði hér áður fyrr. Almennt þykir mér aðstandendur í dag duglegir að sinna þessari afþreyingu með sínu fólki. Þetta er fólk sem fór kannski reglulega á viðburði og margir hafa aðstandendur sem sjá um að fara með sitt fólk á slíka viðburði áfram,“ segir Sigga.

Margar góðar minningar

„Það góða við þetta starf er að eftir standa svo margar góðar minningar af allskonar skemmtilegu fólki,“ segir Sigga og rifar upp sögu af íbúa sem bjó á heimilinu fyrir nokkru síðan. „Þetta var kona í hjólastól sem þurfti töluverða hjálp. Ég man þegar maður keyrði hana úr matsalnum og spurði hvert hún vildi fara næst svaraði hún; „ég ætla að fara að þjóna letinni.“ Þá vildi hún fara að leggja sig. Þetta er kannski smávægilegt en það eru samt svona hlutir sem sitja eftir hjá manni,“ segir Sigga. „Það hafa komið mörg gullkornin hér í gegnum tíðina. Heimilismenn hér eru oft svo opnir og segja hvað sem er, alveg án filters. Það getur oft verði fyndið og skemmtilegt og ég kann að meta þennan eiginleika,“ bætir Halla við og hlær.

arg



Til hamingju með 50 árin!






Brákarhlið fullgilt Eden heimili

Í Brákarhlið hefur síðustu tíu ár verið unnið eftir Eden hugmyndafræðinni. Heimilið mun brátt fá alþjóðlega viðurkenningu sem slíkt. „Við kynntumst Eden hugmyndafræðinni fyrst árið 2010 og höfum verið að vinna í anda hennar síðan þá. Hugmyndafræðin byggir fyrst og fremst á virðingu fyrir einstaklingnum, að hann geti lifað lífinu með reisn. Hér vinnum við á heimili fólks en það dvelur ekki á okkar vinnustað,“ útskýrir Jórunn María Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri í Brákarhlið.

Stuðla að sjálsákvörðunarrétti íbúa

„Eden hugmyndafræðin fókusar á að útrýma plágunum þremur; einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða með áherslu á líf sem vert er að lifa. Þetta snýst í raun fyrst og fremst um að breyta viðhorfi og menningu hjá starfsfólki, aðstandendum og samfélaginu öllu. Við erum að koma hingað inn á heimili fólks en þau eru ekki stödd á okkar vinnustað og það erum við sem eigum að taka tillit til þeirra en ekki öfugt,“ segir Jórunn og bætir við að hugmyndafræðin gangi einnig út á að halda sjálfsvirðingu sinni og stuðla að sjálsákvörðunarrétti íbúa. „Það eiga allir að geta haft eitthvað um sitt að segja. Það er ótrúlega gott að vera á hóteli í smá tíma og fá fulla þjónustu en það er ekki gott til lengdar. Það er okkur mikilvægt að hafa hlutverk, þó það sé bara að

stafla diskum, rétta vatnskönnuna eða eitthvað slíkt. Allir þurfa að fá að taka þátt í heimilislífinu en ekki bara vera þiggjendur,“ segir Jórunn. Þá segir hún það fara eftir getu hvers og eins hvaða hlutverki hann gegnir. „Vissulega geta ekki allir gert allt en allir geta samt eitthvað, hvort sem er að stafla diskum, veita öðrum félagsskap eða í raun bara hvað sem er. Það er okkur mikilvægt að hafa hlutverk, og eiga innihaldsrík samskipti,“ segir hún.

Einmanaleiki og einvera ekki það sama

Einmanaleiki getur verið erfiður fyrir marga, sérstaklega á efri árum og þess vegna er lögð áhersla í Eden hugmyndafræðinni á að stuðla að samskiptum. „Öll samskipti eru mikilvæg, hvort sem er á milli íbúa, við starfsfólk, ástvini eða aðra. Við leggjum okkur fram við að stuðla að innihaldsríkum samskiptum,“ segir Jórunn en tekur fram að einmanaleiki og einvera sé ekki sami hluturinn. „Þetta snýst ekki um að hafa standandi partí öllum stundum heldur að fólk upplifi sig sem hluta af heild. Það er misjafnt hvað hentar hverjum og einum og erum við því með fjölbreytta nálgun. Til dæmis er hægt að fara í söngstundir með Vigni húsverði, hópastarf með Aldísi, jóga, morgunleikfimi, upplestur úr Skessuhorni og margt margt fleira. Svo er sest saman við borðið í hádegis- og kvöldmat og rætt saman eins og gert er á flestum



Jórunn María Ólafsdóttir.

heimilum,“ útskýrir hún. „Við tölum ekki um deildir og sjúklinga eins og þekktist áður, heldur heimili og íbúa. Heimilin í Brákarhlið eru ólík, eins og önnur heimili, hvert og eitt hefur sinn brag. Á einu heimilinu er til að mynda alltaf hlustað á fréttirnar á slaginu og þögn á meðan. En á öðru heimili er frekar hlustað á tónlist en fréttir. Það er alveg allur gangur á þessu og svo breytist heimilisbragurinn með heimilismeðlimum,“ segir Jórunn.

Viðurkenning fyrir heimilið

„Þetta er ánægjulegt og fróðlegt ferðalag sem við erum rétt að

byrja á,“ segir Jórunn en bætir við að hún sjái þó mörg stór og lítil skref hafa verið tekin síðasta áratug. „Árið 2010 hættum við með starfsmannafatnað. Þá höfðu starfsmenn lengst af verið í hvítum sloppum en núna eru allir í sínum fötum. Þetta eykur heimilislegan brag en fólki líður ekki eins og þetta sé heimili þegar fólk um allt er í hvítum sloppum,“ segir hún. Eden hugmyndafræðin er ekki bundin við formlegar reglur eða ramma. „Þetta snýst í raun ekki um að heimilið þurfi að vera með einum eða öðrum hætti heldur snýst þetta um hugarfar og viðhorf til heimilisins og íbúanna,“ segir

Jórunn. En af hverju skiptir þá máli að verða formlega Eden heimili? „Þetta er fyrst og fremst viðurkenning fyrir okkar starf og á því sem við erum að gera, eiginlega eins og klapp á bakið. Það er alltaf gott að fá slíka viðurkenningu og það hvetur okkur áfram, heldur okkur við efnið, rammur inn það starf sem við erum að vinna og leiðir okkur áfram veginn,“ svarar Jórunn.

Covid andstæðan við Eden

Hvernig hefur gengið að vinna eftir Eden hugmyndafræðinni á tímum kórónuveirufaraldursins? „Það má segja að Covid sé alveg andstæðan við Eden,“ svarar Jórunn. „Eden hugmyndafræðin snýst um samskipti, að gefa af sér og nærveru en núna erum við að leggja áherslu á fjarlægð og skertari samskipti. Ég er þó ánægð hversu vel okkur hefur gengið að finna nýjar leiðir og ég held að það hjálpi til hversu margir starfsmenn héðan hafa sótt námskeið í Eden hugmyndafræðinni,“ segir Jórunn. „Þó þetta sé hjúkrunarheimili er þetta samt heimili og hér eru alla jafna allir velkomnir svo það er mikil svipting fyrir íbúa að loka heimilinu svona. En starfsfólkið hefur staðið sig mjög vel að gera það sem hægt er til að gera dagana sem besta, og gera aðstæðurnar eins heimilislegar og góðar fyrir íbúana og hægt er,“ segir Jórunn.

arg

fastus.is

FASTUS ÓSKAR BRÁKARHLÍÐ TIL HAMINGU MEÐ 50 ÁRA AFMÆLIÐ!

Þökkum ánægjulegt og farsælt samstarf í gegnum tíðina.



FASTUS

Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

Aldís Eiríksdóttir er iðjuþjálfí í Brákarhlíð

Vinnur við að skapa aðstæður fyrir fólk til að njóta lífsins

Aldís Eiríksdóttir er iðjuþjálfí í Brákarhlíð. Hún hefur umsjón með einstaklingsbundinni iðjuþjálfun og ýmis konar samverustundum og hópastarfi. Aldís var búin að kenna í grunnskóla í 25 ár þegar hún ákvað að venda kvæði sínu í kross og læra iðjuþjálfann og fór að því loknu að starfa í Brákarhlíð. „Ég sé sko ekki eftir því. Það var frábært að kenna en allt hefur sinn tíma, eins og sagt er. Mér fannst ég búin að skila mínu þar og þetta starf á mjög vel við mig,“ segir Aldís.

„Ég hef fram að þessu haft umsjón með vinnustofunni með þremur góðum konum. Nú höfum við breytt dálítið um áherslur í iðjuþjálfuninni og ég er búin að skila vinnustofukeflinu til þeirra frábæru kvenna sem þar vinna. Í staðinn fer ég núna upp til fólksins á hæðunum sem kemur sjaldan eða aldrei á vinnustofuna. Það er ansi stór hópur. Það hefur alltaf verið lögð áhersla á að hafa fjölbreytt viðfangsefni á vinnustofunni,“ segir Aldís. „Færni og áhugi fólksins er eðlilega á breiðu bili en það er reynt að hafa eitthvað í boði fyrir alla,“ segir hún



Aldís ber fram köku á kaffihúsi Brákarhlíðar í febrúar.

brobandi. Auk verkefna til að vinna í höndunum sér vinnustofan líka um lestur framhaldssögu, bingó og bíósýningar.

Áhersla á andlega liðan

Aldís segir að iðjuþjálfun snúi ekki síður að andlegri heilsu en líkamlegri og því að sinna þörfum fólks á því sviði. „Íðja er ekki bara að vinna í höndunum eða daglegar grunnathafnir. Það er líka mikilvægt að örva hugann. Spjalla, leysa þrautir, syngja, dansa, njóta tónlistar og bókmennta eða bara hlæja að góðum bröndurum,“ segir hún. Aldís segist leggja áherslu á þessa hlið iðjuþjálfunar. Sem dæmi um það eru spjallhópar, samverustundir, fræðslustundir, spilaklúbbar og fleira. „Það eru ansi margir á hjúkrunarheimilum sem eiga í erfiðleikum með minni,“ segir Aldís. „Með þeim byggir nálgunin á því að vera saman í núinu en jafnframt að kalla fram styrkleika og færni sem býr innra með manneskjunni. Oft er það

þannig að fólk er jafnvel sjálft búíð að gleyma hvers það er megnugt en þegar réttar aðstæður eru skapaðar þá er eins og hulu sé lyft af viðkomandi og hann fer kannski að fara með ljóð, syngja eða dansa. Það er svo gefandi og skemmtilegt að upplifa þetta og þó að skammtímaminnið sé farið og viðkomdi muni stundina ekki lengi þá skapar hún samt vellíðan, eykur sjálfstraust og gerir lífið betra,“ útskýrir Aldís.

Opnuðu kaffihús

Aldís fór ásamt öðru starfsfólki Brákarhlíðar til Amsterdam fyrir rúmu ári í kynnisferð í svo kallað alzheimerþorp. Þar kviknaði hugmyndin að því að opna kaffihús í Brákarhlíð. „Við fórum þarna í þorp sem er inni í

bæ en í þessu þorpi býr fólk með heilabilun. Þetta er alveg eins og smækkuð mynd af venjulegu þorpi og íbúarnir fara um eins og þá langar til. Þarna eru götur, garðar, verslanir, torg og íbúðir og fólkið á sitt heimili í þorpinu. Þarna voru myndlistarklúbbar, tónlistarklúbbar og margt fleira sem fólk gat skráð sig á sjálft og valið, kannski með aðstoð ættingja. Þarna sáum við ýmislegt sem við myndum vilja taka upp hér og höfum reyndar gert nú þegar. Við höfum til dæmis fengið myndlistarkonu til að vera með myndlistarnámskeið og það sló algerlega í gegn. Þarna kviknaði samsagt kaffihúsaugmyndin okkar. Í þorpinu voru veitingastaðir sem voru opnir bæði fyrir íbúa í þorpinu og aðra íbúa í bænum fyrir utan þorpið. Íbúarnir gátu þá komið þangað og fengið sér kaffi eða mat og ættingjar gátu komið og hitt ástvinu sína. Þetta skapar raunverulegar og kunnuglegar aðstæður fyrir íbúann og ástvinu hans. Það var þetta andrúmsloft sem við vildum ná með því að opna kaffihús en við þurftum vissulega að útfæra það aðeins öðruvísi hér,“ segir hún.

Notaleg stemning

Kaffihúsið í Brákarhlíð var opið einu sinni í viku sumarið 2019 en um veturinn var ákveðið að hafa það opið einu sinni í mánuði. Svo kom kórónufaraldurinn og kaffihúsið hefur því ekki getað verið opið í nokkurn tíma. „Þetta fór alveg fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Aldís og brosir. „Vonandi getum við bara opnað aftur sem fyrst því þetta sló sannarlega í gegn.“ Íbúar og starfsfólk Brákarhlíðar hefur sjálft komið að öllu skipulagi og uppsetningu kaffihúsins og fyrrum starfsmenn hafa einnig komið til að aðstoða. „Markmiðið er að hafa



Anna S. Þórðardóttir við saumavélina í iðjunni í Brákarhlíð.



Til hamingju með 50 árin!



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



Jóni Jóns ehf.
Borgarnes – Borgarfjörður
Vöruafgreiðsla Engjaási 1 - sími 437-2030



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



Aldís við veglegt kökuborð á kaffihúsinu í Brákarhlíð.

Þetta alvöru og kósý stemningu og öllu því besta er tjaldað til. Við drögum fram bollasafnið okkar, sem telur um 150 gamla, skrautlega bolla, dúkum borðin með fínum útsaumuðum dúkum sem heimilið átti eða okkur hafa verið gefnir og við þjónum til borðs. Fólki getur fengið sér gott heimabakað bakkelsi með kaffinu. Framlög eru frjáls og hefur fólk verið einstaklega örlátt. Svo kemur Vignir oft með gítarinn og spilar og syngur og það vekur mikla lukku. Hingað hafa verið að koma gestir allsstaðar að úr samfélaginu okkar, bæði þeir sem eru að koma til að hitta ástvini og aðrir gestir sem gerir það það að verkum að íbúarnir hitta fólk sem það hittir alla jafna ekki eða hefur ekki hitt í áraraðir," segir Aldís.

Allir velkomnir

Aldís segist leggja mikla áherslu á að íbúar heimilisins fái tækifæri til

að hjálpa til við kaffihúsið. „Þeir sem hafa áhuga á að hjálpa geta alltaf fengið verkefni. Sumir eru reyndar búnir með þennan pakka í sínu lífi og nenna alls ekki að

fara að baka eða stússast í svona og þá er það líka allt í lagi. En aðrir brenna í skinninu að vera með í þessu og ég hef tekið eftir því að þegar veisla eins og þessi er í uppsiglingu er eins og það vakni upp gamlir taktar, jafnvel hjá fólki sem á erfitt með minni. Það er eins og gestgjafinn lifni við og handtökin verða sjálfsögð og eðlileg," segir hún. „Hlutverk iðjubjálfa er alltaf að aðstoða fólk við daglega iðju. Mikilvægt er að reyna að komast að því hvað hverjum og einum þykir mikilvægt og ánægjulegt að geta gert og aðstoða fólk við að láta það verða að veruleika. Það er líka mikilvægt að efla tengsl á milli samfélagsins í Borgarbyggð og íbúanna í Brákarhlíð og Kaffihúsið er frábær vettvangur til þess," segir Aldís iðjubjálfi í Brákarhlíð.

arg/ Ljós. mm & glb



Aldís á spjalli við gesti á kaffihúsinu í febrúar síðastliðnum.

Kveðja frá formanni Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu voru stofnuð í apríl 2002 og fagna því bráðlega tuttugu ára afmæli sínu. Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfs-eignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila. Í dag eiga 47 aðild að SFV, þar af eru 39 sem sinna öldrunarþjónustu. Hinir sinna ýmiskonar heilbrigðis- og velferðarþjónustu og má þar á meðal nefna SÁÁ, Heilsustofnun og Krabbameinsfélagið.

Samtökin hafa frá upphafi lagt áherslu á það að koma sameiginlega fram við opinbera aðila, verkalyðsfélög og aðra þá aðila sem aðildarfélögin komu áður fram við hvert fyrir sig. Þar hefur mesta áherslan verið lögð á gerð kjarasamninga við stéttarfélag og samskipti og samningagerð við ríkið og þar þá helst Sjúkratryggingar Íslands. Í samskiptum sem þessum hafa skiptst á skin og skúrir. Sólarglennurnar þó heldur fleiri en úrkoman. Eðli máls samkvæmt eru verkefni þó talsvert fleiri en þetta og má meðal annars nefna persónuverndarmál, umsagnir um lagabreytingar á Alþingi, ýmiskonar aðstoð við aðildarfélögin og margt fleira.

Samtökin voru þeirrar gæfu aðnjótandi fyrir allnokkrum árum þegar við réðum okkur framkvæmdastjóra, lögfræðinginn Eybjörgu Helgu Hauksdóttir.



Hún sinnir sínu starfi af mikilli kostgæfni og er vakin og sofin yfir daglegum rekstri SFV. Auk hennar eru nú starfandi hjá SFV Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir sem sinnir persónuverndarmálum aðildarfélaganna og Tryggvi Friðjónsson sem stýrir kjaramálum SFV. Hvoru tveggja feikn góðir starfsmenn á sínu sviði.

Brákarhlíð hefur verið aðili að SFV í rúman áratug og höfum við notið þess að hafa Bjarka framkvæmdastjóra Brákarhlíðar í stjórn samtakanna. Með þessum fáu orðum óska ég Brákarhlíð innilega til hamingju með hálfrar aldar afmælið með von um áframhaldandi gott gengi um ókomna tíð.

Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna og formannur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Apótekið heim til þín

Í Netapóteki Lyfjavers á **lyfjaver.is** getur þú séð þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt vöruverð og heimsendingar um land allt.

LYFJAVER

Átt þú lyfseðil í gáttinni?



Mitt happ í lífinu er að hafa fengið að vinna þarna

-segir Margrét Sigurþórsdóttir



Margrét Sigurþórsdóttir vann í vinnustofunni í Brákarhlíð.

Ljósm. arg

Þetta var bara svo gaman. Við vorum eins og ein stór fjölskylda, bæði starfsfólk og heimilisfólk,“ segir Margrét Sigurþórsdóttir sem vann í vinnustofunni í Brákarhlíð í nærri 20 ár. „Þetta var svo mikið meira en bara handavinna. Ég var að lakka neglurnar á konunum, plokka augabrunirnar og svona aðeins að dútla við þær. Það voru kannski konur þarna um nírætt sem höfðu aldrei fengið naglalakk áður

og þær voru svo fínar og sáttar með sig,“ rifjar Margrét upp og brosir. „Þetta var svo gaman.“

Aðal staðurinn

Margrét byrjaði að vinna á heimilinu um miðjan tíunda áratuginn og segir að þá hafi íbúarnir verið mjög hressir og því oft mikið líf og fjör á vinnustofunni. „Þetta var aðal staðurinn,“ segir hún og hlær.

gerðum allskonar. Ég las fyrir fólkið og það var stundum svo gaman, sérstaklega þegar ég las bókina hans Þórðar í Haga og Þórður sat bara sjálfur að hlusta, eða þegar ég las bókina um Margréti í Dalsmynni og hún var þarna sjálf. Þá var hún oft að segja; „nei, ég sagði þetta nú aldrei.“ Eða eitthvað svoleiðis, það var alveg æðislegt,“ segir Margrét og bætir við að síðustu árin hennar í Brákarhlíð hafi fólkið verið orðið veikara og farnin minni. „En við gátum alltaf haft gaman og fundum leiðir til að fólkið gæti gert eitthvað skemmtilegt við hæfi,“ segir hún og brosir.

Líflegar umræður á vinnustofunni

Aðspurð segir hún margar skemmtilegar minningar koma upp í hugann þegar hún hugsar til baka. „Þegar konurnar á heimilinu voru hressari þá fór ég stundum með þær út í búð og svona. Ég man eftir einni ferð þar sem ég



Mikið glens á fjölskylduskemmtun sem Margrét stóð fyrir ásamt öðrum til að safna fyrir stólum í Brákarhlíð.

fór með þér í apótekið og við vorum að skoða nærföt og ég sýndi þeim svona G-streng. Þær áttu ekki orð yfir þetta, svo var þetta umræðuefnið næsta hálfa mánuð



Peysur sem Imba frá Rauðsgili þrónaði fyrir stólasöfnunina. Módelin eru Vignir, Ómar og Bjarki.



Til hamingju með 50 árin!

Blómasetrið
Kaffi Kyrrð
Borgarnesi

NES
FASTEIGNASALA
Borgarbraut 57, 310 Borgarnes
Sími: 497-0040 / 865-0350
thorarinn@fastnes.is

HEILBRIGÐISSTOFNUN
Vesturlands

SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

á eftir. „Hvernig geta stúlkurnar setið á hestbaki í þessu,“ sögðu þær alveg hissa,“ segir Margrét og hlær að endurminningunni. Þá segir hún að það hafi verið daglegt brauð að ræða klæðaburð þeirra kvenna sem fluttu fréttir í sjónvarpinu. „Þær voru sko margar mikið að spá í tískunni og þá var gjarnan rætt hverju Jóhanna Vigdís og þessar fréttakonur klæddust. Stundum fannst þeim þær alveg glæsilegar og stundum bara alls ekki og svo voru ekkert allar sammála. Þetta var sko hægt að ræða,“ segir Margrét. „Á heimilinu myndaði maður svo mörg góð vinasambönd bæði við starfsfólk og íbúa, þetta fólk átti eiginlega í manni hvert bein. Stúlkurnar sem unnu þarna voru alveg dásamlegar, þær lögðu svo mikinn metnað í starfið og voru alltaf allar tilbúnar að gefa af sér. Ég get alveg hiklaust sagt að það var mitt happ í lífinu að hafa fengið að vinna þarna,“ segir hún.

Stólasöfnun

Þegar búíð var að stækka Brákarhlíð var heimilið komið með stóran og flottan sal á jarðhæðinni. Þá þótti Margréti ómögulegt að sjá að ekki væru til stólar og borð í salinn. Hún ákváð því að hrinda af stað söfnun svo hægt væri að kaupa stóla. „Ég sat hér heima eitt kvöldið að þrjóna og hugsaði með mér hvort ég gæti gert eitthvað sjálf til að safna pening. Það var ómögulegt að vera með þennan fína sal en ekki neina stóla í honum,“ segir Margrét og brosir og bætir við að næst hafi hún leitað ráða til sona sinna, Sigurbórs og Halldórs. „Ég byrja á að hringja í Sissa og spyr hann hvort það sé ekki eitthvað sem ég get gert. Hann var ekki lengi að svara því til að ég þyrfti bara að hafa fjáröflun og vera með fjölskylduskemmtun. Hann sagði mér að hafa þetta á sunnudegi í september, þegar allir væru komnir úr sumarfríi en ekki farnir að hugsa um jólin. Þetta þótti mér alveg gráupplagt,“ segir Margrét. „Ég lét Bjarka strax vita og þar með var ég búin að koma mér í stöðu sem ég gat ekki bakkað út úr. Ég er stundum svo fljótfer sko,“ bætir hún við og hlær. Næst hafði Margrét samband við sveitarstjórnann til að fá Hjálmaklett undir skemmtunina. „Það var nú minnsta mál. Það var bara allt í sambandi við þetta alveg sjálfsagt



Við kökuborðið á basar í Brákarhlíð fyrir nokkru síðan.



Hluti af varningi sem var til sölu á árlegum basar heimilisins.



Frá basar á heimilinu.

mál. Ég hefði nú ekki getað þetta allt án Báru vinkonu minnar og samstarfskonu. Hún fór með mér í öll fyrirtækin í bænum að leita að styrkjum og það skipti ekki máli hvert við komum það voru

allir tilbúnir að styrkja. Ég hringdi í Gísla Einarsson og bað hann að vera kynnir og það var bara sjálfsagt,“ segir Margrét. Eldri borgarar í Borgarfirði komu og sýndu línudans, Olgeir Helgi og

fjölskyldan hans tóku öll lagið auk þess sem Eva Margrét, barnabarn Margrétar, og fleiri góðir listamenn sungu og skemmtu fólki. „Svo rauk ég á konur úti í bæ til að biðja þær að baka pönnukökur. Starfsstúlkurnar í Brákarhlíð bökuðu líka og það voru allir svo jákvæðir. Sissi minn er að vinna í Geirabakarí og hann fékk leyfi hjá Geira að nota aðstöðuna til að steikja kleinur. Við fórum tvö saman í það og Geiri gaf allt efnið,“ segir Margrét augljóslega mjög ánægð með vel heppnaða og eftirminnilega skemmtun.

Peysurnar hennar Imbu

Fjáröflunin var virkilega vel heppnuð og var fjöldi fólks sem lagði leið sína í Hjálmaklett þennan dag til að styrkja málefnið. „Það voru líka margir sem styrktu þó þeir gætu ekki verið með. Það var fólk sem kom við og borgaði og fór svo aftur og ein hjón réttu mér umslag með 100 þúsund krónum og önnur hjón vestur af fjörðum lögðu inn pening fyrir tveimur stólum. Þetta var í alvöru talað bara ótrúlegt og svo skemmtilegur og vel heppnaður dagur, þó ég segi sjálf frá,“ segir Margrét og hlær. „Það var líka gaman að sjá starfsfólk Brákarhlíðar mæta og hjálpa þó það ætti kannski frí. Ég var líka búin að hekla dúllur í hárið á öllu starfsfólkinu og íbúum Brákarhlíðar svo við vorum öll voða fín með slaufu

í hárinu,“ bætir hún við. Á fjáröflunardeginum voru einnig boðnar upp þrjár skrautlegar peysur þrjónaðar af Imbu frá Rauðsgili, íbúa í Brákarhlíð. „Hún Imba var alveg einstök. Hún þrjónaði þrjár peysur með allskonar figúrum og svo voru þær boðnar upp og seldust á 20 þúsund krónur hver peysa,“ segir Margrét. „Imba var alltaf að þrjóna og var svo snögg. En þessar peysur þrjónaði hún á svo stuttum tíma, að ég er eiginlega viss um að hún hafi setið fram á nótt að þrjóna,“ bætir hún við.

Sláturnælur sem slógu í gegn

Á vinnustofunni voru gerðar sláturnælur sem slógu alveg í gegn og fóru meðal annars í sölu í Fjarðarkaupum, Hagkaup og Kaupfélaginu á Sauðárkróki. „Þar fengum við pening til að kaupa inn efni fyrir handvinnuna og hann Bjarni frá Hurðabaki, Ragnar Olgeirsson og fleiri sátu bara alveg við að gera þessar nælur. Svo var Vignir [húsvörður. innsk. blms.] farinn að gera nælur í tíma og ótíma því það var svo mikil sala að við höfðum varla undan,“ segir Margrét. Þá rifjar hún upp þegar íbúar í Brákarhlíð seldu bolluvendi og öskupoka til Þjóðminjasafnsins. „Öskupokagerð er eiginlega barn síns tíma og við ákváðum því að hringja í Þjóðminjasafnið og segja frá því sem við vorum að gera. Þau vildu endilega fá til sín nokkra poka og nokkra bolluvendi til að sýna á safninu. Svo var hringt í okkur ári seinna og beðið um meira, þá voru þau farin að selja þetta. Við gerðum þetta í nokkur ár, sem var svo gaman,“ segir Margrét.

Vaknaði til lífsins í Brákarhlíð

„En ég var lánsöm að fá að vinna í Brákarhlíð. Ég var áður að vinna við afgreiðslu í Kaupfélaginu, sem var fínt. Svo var mér boðin þessi vinna og hafði satt að segja enga trú á að ég gæti unnið við þetta. En svo reyndist þetta vera algjör himnasending fyrir mig persónulega og ég mæli af öllu hjarta með þessum vinnustað. Mér finnst ég hafa vaknað til lífsins þegar ég fór að vinna í Brákarhlíð,“ segir Margrét Sigurbórsdóttir og brosir. *arg*



Til hamingju með 50 árin!

nettó

B59
HOTEL



Tannlæknastofa Hilmis
Berugötu 12, 310 Borgarnesi



Samheldinn og skemmilegur hópur

Margrét Guðmundsdóttir var framkvæmdastjóri Brákarhlíðar, þá Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi, í 30 ár frá 1977-2007. „Ég kom þar fyrst til starfa í ársbyrjun 1977 og þá til að sjá um launaútreikninga og annað bókhald,“ segir Margrét og fær sér sæti í stofunni á heimili þeirra Jóhannesar Ellertssonar við Þórðargötu í Borgarnesi. Það var svo í september sama ár sem þáverandi framkvæmdastjóri, Þórður Pálmason, lét af störfum og Margrét tók við. Mikil uppbygging og breytingar áttu sér stað í Brákarhlíð þessa þrjá áratugi undir stjórn Margrétar.

„Breytingarnar gerðust smátt og smátt fyrstu árin,“ segir Margrét og rifar upp fyrstu árin. „Heimilið tók fyrst til starfa 31. janúar 1971 og þá með rými fyrir 29 heimilismenn, allt tveggja manna herbergi nema eitt. Annar áfangi heimilisins var opnaður árið 1975 og þá fjölgaði heimilismönnum töluvert. Í byrjun árs 1983 tókum við svo þriðja áfangann í gagnið og þá vorum við með pláss fyrir 55-60 heimilismenn,“ segir hún. „Með þessum stækkunum voru fleiri eins manns herbergi tekin

í notkun, sem var mjög jákvætt,“ bætir hún við. Heimilið var fyrstu árin aðeins dvalarheimili en 1. janúar 1989 fékkst leyfi til að breyta 12 plássum í hjúkrunarrými og fjölgaði þeim svo í 20 árið 1996. „Og það var rekið með þessum hætti næstu árin. Það fjölgaði líka töluvert í hópi starfsmanna. Þegar ég byrjaði voru líklega innan við 20 starfsmenn en þegar ég hætti voru upp undir 70 á launaskrá en margar í hlutastörfum,“ segir Margrét. „Þetta var bæði vegna þess að hjúkrunarrýmum fjölgaði og það þarf meiri umönnun með hjúkrunarrýmum en dvalarrýmum og svo bættum við þjónustuna. Við fórum að leggja meira upp úr iðjuþjálfun og allskonar afþreyingu, handavinnu og slíku,“ bætir hún við.

Leið vel í starfi

„Við vorum lánsöm með samstarfsfólk þessi ár og við vorum samheldinn og skemmilegur hópur,“ svara Margrét spurð hvað standi uppúr þessi 30 ár í starfi. „Okkur hélst vel á starfsfólki og það voru margar konur sem unnu þarna árum og áratugum saman,



Margrét Guðmundsdóttir var framkvæmdastjóri í Brákarhlíð í 30 ár.

og gera jafnvel enn í dag. Það mynduðust nán vinasambönd og ég held að það sé stór ástæða þess hversu vel mér leið í starfi,“ bætir hún við. Aðspurð segist hún sem stjórnandi hafa lagt mikið upp úr því að hafa góðan anda á vinnustaðnum. „Ég trúi því að ef fólki líður vel í vinnunni þá skilar það sér margfalt til baka. Við lögðum mikið upp úr því að bæði starfsfólki og heimilisfólki líði vel á heimilinu og það held ég að hafi tekist mjög vel. Við vorum öll góðir vinir og heimilið var alltaf opið aðstandendum og öðrum gestum,“ segir Margrét.

Þá bætir hún við að samfélagið allt hafi átt stóran þátt í því hversu vel hefur gengið að halda góðum anda í Brákarhlíð. „Ég fann alltaf fyrir miklum hlýhug frá

Borgnesingum, héraðsbúum og öðrum aðstandendum heimilisins. Það voru allir svo jákvæðir og tilbúnir að leggja sitt að mörkum fyrir okkur,“ segir Margrét og bætir við að stjórn heimilisins hafi einnig alla tíð unnið vel saman.

Kvenfélögin sérstaklega mikilvæg

Upphaflega var það Samband borgfírkra kvenna sem stóð að stofnun heimilisins með fjáröflun á árunum 1966 og 1967. Þá var stofnuð nefnd til að hefja undirbúning að byggingu heimilisins og í kjölfarið komu hrepparnir í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu og seinna Hnappadalssýslu að undirbúningi heimilisins. „Þessir bakhjarlar

heimilisins hafa allar götur síðan veitt heimilinu mikinn stuðning og hlýhug,“ segir Margrét en bætir við að kvenfélögin á svæðinu, aðrir klúbbar og félög hafa einnig lagt mikla vinnu í að gera heimilið eins gott og raunin er. „Við eigum mörgum að þakka fyrir það hversu gott heimili Brákarhlíð er,“ segir Margrét og brosir. „Kvenfélögin koma til að mynda enn í heimsóknir og þegar ég var framkvæmdastjóri komu konurnar reglulega í heimsókn með kaffiveitingar og skemmtiatriði. Þetta er ómetanlegt fyrir heimilisfólkið,“ segir hún.

Skírði dóttur sína á heimilinu

Aðspurð segir Margrét margar góðar minningar standa eftir en ætli sú eftirminnilegasta sé ekki þegar hún lét skíra yngstu dóttur sína á heimilinu. „Mér leið svo vel þarna og átti marga góða vini sem mér þótti vænt um. Það voru haldnar messur einu sinni í mánuði á dvalarheimilinu og við ákváðum að láta skíra dóttur okkar í einni messunni,“ segir Margrét. „Annars á ég í raun fátt annað en góðar minningar frá þessum tíma. Maður er ekki í 30 ár í starfi nema líða vel og mér leið sannarlega vel þarna,“ segir hún og bætir við að hún hafi þó ekki klárað starfsferil sinn í Brákarhlíð. „Ég var ákveðin í að vilja ekki verða alltof gömul í starfi og ákvað því að hætta eftir 30 ár. Ég hafði reyndar ætlað að hætta fyrr en það dróst aðeins,“ segir hún og brosir. „Eftir það ákvað ég að snúa mér að því sem mér hafði þótt svo gaman sem unglingur, að vinna í búð. Það fór þannig að ég fékk starf hjá Lyfju í Borgarnesi og endaði starfsferilinn því þar, fyrir innan búðarborðið. Mér líkaði það mjög vel líka,“ segir Margrét.

arg



Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri í Brákarhlíð, tekur við lyklunum af Margrét Guðmundsdóttur 1. október 2007.



Til hamingju með 50 árin!



FRAMKÖLLUNARÞJÓNUSTAN EHF
BRÚARTORGI - 310 BORGARNESI - S. 437-1055
e-mail: framkollun@simnet.is - vefang: www.framkollunartjonustan.is



Birna vann í Brákarhlið í rúmlega fjóra áratugi

Birna Jakobsdóttir var einn af fyrstu starfsmönnum Brákarhliðar og vann þar til ársins 2014 að undanskildum nokkrum árum þar sem hún var í fæðingarorlofi. „Við vorum sex starfsmenn þarna í byrjun; Anna Gestsdóttir var forstöðukona, Ágústa Jóhannsdóttir og Guðrún Nóadóttir skiptu eldhúsinu með sér og ég, Guðný Sigvaldadóttir og Þorgerður Þorgilsdóttir sáu um umönnun og önnur störf á heimilinu. Við skúruðum, þvoðum þvotta og sáum um allt,“ segir Birna. Heimilið var vígt í lok janúar 1971 og allan janúararmánuð vorum við á kafi í þrífum, að koma fyrir húsgögnum, sauma og setja upp gardínur og bara gera allt klárt,“ segir Birna.

Fyrsti hjúkrunarfræðingurinn í Brákarhlið

Birna vann sem hjúkrunarfræðingur í Brákarhlið en hún hafði nýlega lokið námi þegar hún flutti í Borgarnes og vildi þá til að heimilið var um það bil að opna. „Mér fannst ég heppin að fá þetta starf svona fljótt eftir að ég flutti í Borgarnes og að fá að

starfa þarna næstum allan minn starfsaldur,“ segir hún. Aðspurð segir hún breytingarnar á bæði heimilinu og heimilismeðlimum hafa verið mjög miklar þessi ár sem hún vann í Brákarhlið. „Fyrst voru íbúarnir innan við 30 talsins og herbergin voru öll tveggja manna, nema eitt eins manns herbergi. Það var þrengra en fólk hafði pláss fyrir hillur og svona persónulega muni í herbergjum sínum. Í dag er húsnæðið allt rúmgott og nóg pláss fyrir hvern og einn íbúa. Flestir íbúar voru þokkalega hressir og við góða heilsu fyrstu árin en í dag er fólk oftast orðið mun veikara þegar það kemur,“ segir hún. „Í upphafi vorum við til dæmis ekki með neinar næturvaktir. Við skiptumst bara á að sofa á svefnbekk á skrifstofunni, bara svo einhver væri á staðnum. Það var bara ekki þörf á því að hafa einhvern á vakt alltaf því það voru allir í raun svo frískir,“ bætir Birna við.

Hjálpartækin mikil bylting

Spurð hvað sé eftirminnilegast úr starfinu hugsar hún sig um í smá



Birna Jakobsdóttir var einn af fyrstu starfsmönnum Brákarhliðar.

stund og segist eiga margar stundir sem standi upp úr. „Ætli fyrsta árið sé ekki eftirminnilegast. Það var frábært að fá að taka þátt í að opna þetta heimili en það breyttist mjög hratt fyrstu árin. Tæplega ári eftir að heimilið var opnað fór ég í fæðingarorlof og þá voru ekki leikskólar svo ég var lengi í orlofi. Ég kom svo til baka árið 1974 og þá hafði rosalega margt breyst og svo fljótlega fórum við að fá meira af hjálpartækjum, sem ég held að hafi verið mesta byltingin, bæði fyrir íbúana og okkur starfsfólkið,“ svarar Birna og bætir við að Hallsteinn Sveinsson listamaður sé henni líka ofarlega í huga sem eftirminnilegur íbúi í Brákarhlið. „Hann kom inn strax fyrsta árið

og fékk að hafa smíðaverkstæði í kjallaranum þar sem hann gerði marga fallega hluti. Það var frábært að geta skaffað honum svona aðstöðu og gaman fyrir okkur að fylgjast með honum,“ segir Birna.

Góður starfsandi

Birna vann í Brákarhlið í 41 ár og segist þakka háan starfsaldur góðum stjórnendum og samstarfsfólki. „Það var einfaldlega svo gott að vinna þarna. Við lögðum okkur fram strax í byrjun að skapa gott starfsumhverfi og ég held að það hafi bara haldist allar götur síðan. Mér leið alltaf vel á þessum vinnustað, annars hefði ég ekki tollað þar svona lengi,“

segir Birna og hlær. „Það voru samt alveg gerðar breytingar og nýjar áherslur komu með nýju fólki en andinn breyttist ekki,“ segir hún. En var aldrei erfitt að vinna í Brákarhlið? „Jú, það gat verið erfitt. Eðli málsins samkvæmt þurfti maður oft að kveðja fólk sem gat stundum verið erfitt. En maður tókst bara á við það og vandist þessu líka. Auðvitað kynntist maður oft fólki mjög náið og eignaðist góða vini meðal heimilisfólks og sumir bjuggu jafnvel í áratugi þarna en það kom alltaf að kveðjustund,“ svarar hún. „En þetta var bara einn partur af starfinu,“ segir Birna Jakobsdóttir fyrrum hjúkrunarfræðingur í Brákarhlið.

arg



Birna á vaktinni á góðri stundu með Ágústu Jóhannsdóttur, heimilsmanni og áður samstarfsfélagi á dvalarheimilinu.



Til hamingju með 50 árin!

FÓÐURSTÖÐIN
FOODSTATION • RESTAURANT & SHOP

Rekstrarvörur
– vinna með þér



Ég er þakklát fyrir tímann minn á dvalarheimilinu í Borgarnesi

Ég flyt í Borgarnes haustið 1970, rétt áður en dvalarheimilið var opnað og ég var ráðin þangað í vinnu,“ segir Þorgerður Þorgilsdóttir, fyrrum starfsmaður í Brákarhlíð. Þorgerður er sjúkraliði og var ein þeirra fyrstu til að starfa á heimilinu. „Það var mjög gaman að fá að vera svona alveg frá upphafi. Heimilisfólkið kom þarna inn eitt af öðru og maður náði að kynnst öllum mjög vel alveg strax. Anna Gestsdóttir var forstöðukona á þessum tíma og hún var svo indæl og góð kona. Svo kom Bessý á eftir henni og það var náttúrulega algjör skörungur. Hún var bara stórkostleg manneskja og sinnti öllum svo vel. Hún gerði allt af líf og sál og var einstök manneskja á allan hátt,“ segir Þorgerður og rifjar upp hversu hjálpsöm Bessý var. „Ég man, þegar ég var að láta ferma eitt af mínum börnum, kom hún með þrjá dunka með smákökum og sagði að þetta væri svo gott svona með kaffinu,“ segir hún og hlær. „Þetta var bara Bessý í hnotskurn,“ bætir hún við.

Einvalalið starfsfólks

Þorgerður vann á dvalarheimilinu í 16 ár með þremur barneignarfríum, áður en hún flutti til Akureyrar þar sem hún býr í dag. „Ég fór með miklum trega og ég hef alltaf saknað dvalarheimilisins mikið,“ segir hún. „Það var alveg einvalalið starfsfólks á þessu heimili og starfsandinn alltaf svo góður. Það sem mér þótti í raun best var hversu náð við unnum saman, alveg óháð okkar störfum. Hvort sem þú varst í eldhúsinu, að þrífa eða eitthvað annað þá vorum við alltaf einn hópur, þó vissulega ynnum við hver og ein okkar verk,“ segir Þorgerður



Þorgerður Þorgilsdóttir átti góð ár í Brákarhlíð.

og bætir við að hún eigi ekkert nema góðar minningar frá tíma sínum á heimilinu. „Við vorum líka duglegar að hittast fyrir utan vinnu og gera eitthvað saman svo það eru til alveg ótrúlega margar góðar minningar frá þessum tíma. Þetta var einstakur hópur,“ segir hún.

Tók sumarfrí á heimilinu

Þorgerður segist alltaf hafa saknað dvalarheimilisins í Borgarnesi og eitt sumarið fyrir nokkrum árum ákvað hún að koma í þrjár vikur í afleysingu á heimilinu, í eigin sumarfrí. „Það var líka bara sumarfrí fyrir mig að koma þarna,“ segir hún og hlær. „Ég hef alltaf kíkt á heimilið þegar ég stoppa í Borgarnesi og í einni heimsókninni kíkti ég niður í handavinnuna hjá Möggu Sigurþórs. Bjarki kom þarna niður og Magga segir við hann að hafa bara samband við

mig þegar það vanti í afleysingu og ég sagði að það væri í góðu lagi. Svo bara hringdi Bjarki í mig fyrir næsta sumar á eftir og spurði hvort ég hefði meint þetta. Ég hélt það nú og var mjög spennt að koma. Þetta var allt öðruvísi en þegar ég var að vinna þarna fyrst. En þetta var rosalega skemmtilegt sumar og gott að komast í Borgarnes aftur og á dvalarheimilið,“ segir Þorgerður. „Þetta heimili á svo mikið í mér. Börnin mín hafa alltaf kallað það elliheimilið hennar mömmu og nú eru barnabörnin farin að gera það líka. Þegar við keyrum í gegnum Borgarnes segja þau alltaf; „þarna er elliheimilið sem amma á.“ Ég meina það af heilum hug að þetta var alveg yndislegur vinnustaður,“ segir Þorgerður.

Þakklát

Í einni aðventumessu á heimilinu ákvað Þorgerður að láta skíra yngstu dóttur sína svo starfsfólk og heimilisfólk gæti verið með þeim. „Svo var haldin heljarinnar veisla á eftir, með heimilisfólkinu og starfsfólkinu. Við vorum líka bara alltaf eins og ein stór fjölskylda og ég held að það hafi að stórum hluta verið Bessý að þakka. Þegar fólk er í þessu af einlagni og áhuga eins og hún þá verða allir á svona heimili svo nánir og andinn góður. Bessý lét líka öllum líða vel og gerði allt fyrir bæði starfsfólk og heimilisfólk,“ segir Þorgerður. „Eitt sem hún gerði alltaf var að taka vakt af einni okkar á aðfangadagskvöld svo þær sem áttu lítill börn gætu verið heima með þeim. Ég er svo innilega þakkát fyrir tímann minn á dvalarheimilinu í Borgarnesi,“ segir Þorgerður að endingu.

arg



Vignir Helgi Sigurþórsson skemmtir gestum á kaffihúsi í Brákarhlíð. Ljós. frá síðasta kaffihúsadegi/ mm.

Ótrúlega magnað að sjá íbúana taka lagið

Vignir Helgi Sigurþórsson hefur í rúmlega tvo áratugi starfað í Brákarhlíð sem húsvörður og allsherjar „reddari“ á ýmsum sviðum, en áður starfaði hann lengi í áhaldahúsi Borgarneshrepps. Það var fyrir um það bil tíu til tólf árum sem Vignir tók að sér að sjá um söngstundir á heimilinu. „Þetta var nú eiginlega bara óvart,“ svarar Vignir spurður hvernig það hafi komið til að hann byrjaði með þessar söngstundir. „Hreggviður, þáverandi meðhjálpari í kirkjunni og Jón Björnsson heitinn, tónlistarkennari og orgelleikari, komu vikulega og lásu eða sungu með íbúum í mörg ár. Svo hættu þeir og ég tók við. Ég var eiginlega bara dæmdur í þetta því ég hafði spilað í hljómsveit,“ segir Vignir og hlær. Hann er með söngstund í hverri viku með íbúum Brákarhlíðar og segir þær stundir alveg einstakar. „Þetta gefur mér mikið, ekki síður en íbúunum,“ segir hann. „Það er alveg ótrúlega magnað að sjá fólk sem er kannski með skert minni og getur jafnvel varla talað taka undir og syngja gömlu lögin af því líkri gleði. Oft er þetta fólk sem kannast ekkert við lögin þegar það er spurt en svo þegar maður byrjar að syngja tekur

það undir og man hvert orð. Þetta kveikir svo mikla gleði hjá þeim og það gefur mér kraft til að halda þessu áfram,“ segir Vignir.

Fyrst og fremst gömlu lögin

Vignir leggur mesta áherslu á að syngja gömlu lögin með íbúum Brákarhlíðar og segir hann að Litla flugan og Játning séu í mestu uppáhaldi. „Þá taka alltaf allir undir,“ segir hann. „Stundum tröllum við bara og það er mjög gaman líka. Þá þarf ekki að kunna textann og allir geta verið með. Fyrst og fremst snýst þetta um léttleika og þá er gaman,“ segir hann. Auk þess að hafa söngstundir með íbúum hefur Vignir einnig tekið upp gítarinn og sungið og spilað á ýmsum viðburðum í Brákarhlíð eins og á kaffihúsadögum. „Þá er ég kannski í svona aðeins nýrri lögum í bland við þetta gamla,“ segir hann. „En gömlu lögin eru þau sem henta íbúum heimilisins best því það eru þau sem kveikja hjá þeim sönginn. Ég get eiginlega ekki útskýrt hvað það er frábært að sjá alla taka undir,“ segir Vignir.

arg



Til hamingju með 50 árin!



ÚTFARARÞJÓNUSTA
VESTURLANDS
www.borgutfor.is



Stéttarfélag Vesturlands
Sæunnargata 2a • Borgarnes



Frumherji



Grillhúsið

Sylvía og Ella hafa tekið við keflinu í eldhúsinu í Brákarhlíð

Í ágúst síðastliðinn urðu þær breytingar í eldhúsi Brákarhlíðar að Sylvía Björk Aðalsteinsdóttir og Ella Stankiewicz tóku við keflinu af Ómari Bjarka Haukssyni, kjötiðnaðarmeistara og matráði. Ómar þurfti af heilsufarsástæðum að stíga til hliðar hjá Brákarhlíð eftir að hafa starfað þar í næstum sjö ár og hafa þær stöllur staðið eldhússvaktina síðan. „Ég byrjaði að vinna hjá Brákarhlíð sem aðstoðarkona í eldhúsi. Þá var ég að vaska upp, ganga frá og þrifa eftir matinn, ásamt því að taka til pantanir fyrir heimilin,“ segir Sylvía Björk í samtali við Skessuhorn. „Ella var þá búin að starfa hjá Brákarhlíð í rúm þrjú ár. Hún byrjaði fyrst sem aðstoðarkona í eldhúsi hjá Ómari og var svo aukalega í þrífum áður en hún byrjaði svo að elda fyrir tveimur árum. Núna stýrum við þessu tvær saman,“ bætir Sylvía við.



Ella, Ásta og Sylvía tóku sér pásu úr eldhúsinu til að taka mynd fyrir utan Brákarhlíð. Ljós. glh.

Paulskipulagður matseðill

Það er margt sem þarf að huga að þegar matseðill er skipulagður fram í tímann. Sylvía segir að matseðill Brákarhlíðar sé áætlaður sex vikur fram í tímann hverju sinni, og ákveða þær Ella hann í sameiningu með Höllu Magnúsdóttur, forstöðumanni þjónustusviðs, ásamt næringarfræðingunum og systrunum Ólöfu Helgu og Margréti Þóru hjá 100g ehf. á Akranesi. „Við þurfum að gæta þess sérstaklega að maturinn sé næringarlega vel samsettur, orkuríkur og próteinríkur fyrir íbúa. Þess vegna erum við í samstarfi við næringarfræðinga sem hjálpa okkur með það. Við pössum að bjóða upp á fjölbreytt mataræði og orkubætum máltíðirnar sé þess þörf. Þá erum við til dæmis að passa að hafa nóg af rjóma eða smjöri í réttunum,“ útskýrir Sylvía.

Bláðamaður spyr í kjölfarið hvernig viðtökurnar við matseldinni hafa verið frá íbúum og starfsfólki eftir að þær tóku við eldhússkeflinu? „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Stundum þegar ég hef prófað eitthvað nýtt þá fer það reyndar misvel í íbúana,“ segir Sylvía og hlær. „Ég prufaði einu sinni að elda grænmetisrétt með baunum og sá réttur fékk mjög blendnar viðtökur enda var sá réttur töluvert

öðruvísi en fólk var vant. Oj, þetta er vont hefur mögulega heyrst þó enginn hafi sagt það beint við mig,“ bætir hún kímín við. „Þetta er kurteist fólk en það situr ekki á skoðunum sínum og kemur þeim frekar vandlega frá sér sem er bara gott og gaman,“ bætir hún við og brosir. „Ég held líka að ef maður kynnir nýja rétti hægt og rólega þá er þetta í fínu lagi. Núna þykir flestum til dæmis gott að fá grænmetisrétt í matinn.“

Vinnudagurinn

Hefðbundinn dagur hefst klukkan 8:00 hvern morgun í eldhúsinu í Brákarhlíð. Þá er mætt til vinnu, farið yfir matseðil dagsins og hráefni tekið til. Klukkan 9:40 er kaffihlé sem er til kl. 10:00. Að honum loknum er maturinn fyrir matarbakkana eldaður og hafður tilbúinn kl. 11:00 fyrir starfsfólk búsetunnar í Borgarbyggð sem keyra þá út til eldri borgara í Borgarnesi. Því næst er hádegismatur íbúa Brákarhlíðar settur í hitakassana og keyrður á sína staði. Þá gefst tími til að undirbúa næsta dag, athuga hráefni og farið yfir bókhald. Hádegismatur starfsfólks er því næst framreiddur og svo gengið frá í eldhúsinu. Að lokum er kvöldmaturinn græjaður áður en vinnudagurinn klárast svo kl. 15:30.

„Við verðum sex sem munum starfa í eldhúsinu. Við erum þrjár í dag, ég, Ella og Inga Berta Bergsdóttir sem erum starfandi. Svo bætist ein ný í teymið okkar í byrjun nóvember. Hún kemur þá í gömlu stöðuna mína og verður að aðstoða í eldhúsinu. Ekki má gleyma henni Ástu Hjaltadóttur og Helgu Björgu Hannesdóttur. Hún kemur og bakar ýmiss konar bakkelsi einu sinni í viku auk þess sem hún aðstoðar okkur í eldhúsinu sé þess þörf.“

Eldamenska er hugleiðsla

Sylvía segist alla tíð haft mikla unun af því að elda og ver mörgum stundum í eldhúsinu, hvort sem það er eldhúsið í vinnunni eða heima hjá sér. „Það er mikil slökun í því að elda og hálfgerð núvitund að dunda sér í eldhúsinu við eldamensku. Þetta er nánast eins og hugleiðsla hverju sinni,“ segir Sylvía sem bætir jafnframt við að henni þykir afar erfitt að fylgja uppskriftum. „Ég fer helst mínar eigin leiðir í eldhúsinu. Ég nota uppskriftir kannski sem viðmið, en ég þarf alltaf aðeins að laga og bæta. Aðalatriðið er bara að bragðið sé gott. Það er til dæmis mjög gaman og skemmtileg tilbreyting þegar ég prófa nýja rétti í vinnunni og ég fæ góð viðbrögð, það er æði,“ segir hún að endingu.

glb



Guðný Baldvinsdóttir var mikill velgjörðarmaður heimilisins.

Guðnýjar frá Grenjum minnst í Brákarhlíð

Í Brákarhlíð er búið að stúka af herbergi á þriðju hæð sem hefur fengið nafnið Guðnýjarstofa, til minningar um Guðnýju Baldvinsdóttur frá Grenjum. Þar eru falleg húsgögn og aðrir munir frá Guðnýju en hún var mikill velgjörðarmaður heimilisins. Guðný ræktaði tengsl við íbúa Brákarhlíðar meðan hún bjó í íbúð sinni í Borgarnesi fast

að tíræðu. Eftir að hún flutti sjálf þangað undi hún hag sínum vel. Var hún þrjónakona góð og lagði mikið handverk til basara á heimilinu. Meðal annars tvíþumla vettlinga sem seldust eins og heitar lummur.

Í Guðnýjarstofu geta aðstandendur og heimilismenn komið saman í ró og næði.

arg



Handverk eftir Guðnýju Baldvinsdóttur.

Til hamingju með 50 árin!



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON
FÉLAGS- OG
BARNAMÁLARÁÐHERRA



Upp til hópa gott fólk sem starfar í Brákarhlíð

Bára Guðmundsdóttir vann við aðhlyningu í Brákarhlíð í 34 ár og lét af störfum árið 2015. „Þetta var æðislegur tími. Brákarhlíð er frábær vinnustaður og samstaða starfsfólks mikil og góð,“ segir Bára. „Við starfsfólkið tókum okkur oft saman og gerðum eitthvað skemmtilegt fyrir heimilisfólk. Til dæmis settum við saman kór sem söng á þorablótum og vorum með skemmtiatriði og fleira. Það var alltaf mikið stuð og maður var alltaf tilbúinn að verja frítímanum sínum í að æfa með kórnum því það var einfaldlega bara svo gaman hjá okkur,“ bætir hún við og hlær.

Sumarferðirnar eftirminnilegar

Eitt af því sem Bára segir standa upp úr frá tíma sínum í Brákarhlíð eru sumarferðalögin. „Við fjármögnuðum sumarferðalögin sjálfar með því að baka og selja kaffi og kökur á basar sem heimilisfólkið var með. Þetta kókuboð var flott, það var eins og í fermingarveislu,“ segir Bára og hlær. „Við vorum venjulega tvær og tvær saman að baka, það var bara svo mikið skemmtilegra,“ heldur hún áfram. Sumarferðalögin voru dagsferðir og segir Bára þessar ferðir jafnvel hafa verið einu ferðalögin sem heimilisfólk fór í. „Þessi kynslóð var ekkert að ferðast,“ segir hún. „Við byrjuðum daginn snemma, fórum í rútu öll saman og keyrðum um, stoppuðum á góðum stað til að borða hádegisverð og svona. Stemningin var góð. Í rútnunni var sungið og svo gekk baukur á milli með nammí í svo allir gætu fengið sér,“ segir Bára og rifjar upp sögu af annarri aðeins styttri ferð. „Einu sinni þegar við vorum að koma af starfsmannafundi hittum við einn gamlan bónda úr Norðurárdalnum sem fór eitthvað að spyrja okkur um Borgarnes. Hann hafði ekki keyrt um Borgarnes í mörg ár og við gátum ekki látið það vera og fórum með hann í aftursæti á bíl og



Bára Guðmundsdóttir þótti æðislegt að vinna í Brákarhlíð.

Ljósm. glh

rúntuðum um Borgarnes. Hann var mjög glaður með þessa ferð en það þarf ekki alltaf mikið til að gleðja,“ segir Bára.

Reykt inni

Aðspurð segir Bára helstu breytinguna á þeim 34 árum sem hún starfaði í Brákarhlíð hafa verið heimilisfólkið sjálft, það hafi verið mun hressara þegar hún tók fyrst til starfa. „Eðlilega hefur þetta breyst því fólk er að koma seinna inn á dvalarheimilin í dag. Heimilið sjálft breyttist líka mikið á þessum tíma. Þegar ég byrjaði fyrst að vinna þarna reyktu margir og það var sko reykt í eldhúsinu. Við mættum alltaf aðeins fyrir á morgnana, svona korteri áður en við áttum að byrja að vinna, og fórum inn í eldhús og settumst við borð með kaffi og sígó og spjölluðum á meðan hafragrauturinn var eldaður,“ segir Bára og hlær. „Ég man líka eftir því

að þegar maður var að láta renna í skúringarföturnar þá var öskubakki þar við vaskinn. Maður gat því fengið sér hálfa á meðan það rann í föturnar,“ segir hún.

Betri aðstaða í dag

Húsnæðið tók miklum breytingum á meðan Bára vann í Brákarhlíð og segir hún aðstöðuna í dag vera mun þægilegri fyrir heimilisfólk. „Bára það að geta baðað sig inni í eigin herbergi munar rosalega miklu. Tíðarandinn hefur mikið breyst og heimilisfólkið líka. En það sem ég held að sé best við Brákarhlíð er fólkið. Ég held að við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólk, ekki að ég sé að hæla mér sjálfri,“ segir hún og hlær. „En það hefur upp til hópa valist gott fólk til starfa í Brákarhlíð og oftast fólk sem er þarna í mörg mörg ár og það gerist ekki nema fólki líði vel í starfi,“ segir Bára að lokum.

arg



Þórólfur les fyrir heimilisfólk í Brákarhlíð.

Les sögur fyrir íbúa Brákarhlíðar

Þórólfur Sveinsson hefur í nokkur ár komið vikulega í Brákarhlíð á veturna til að lesa fyrir íbúa en ferðirnar þetta árið hafa verið færri en vant er sökum kórónufaraldursins. En hvernig komu þessar lestrarstundir til? „Það var þannig að norður á Sauðárkróki er maður sem heitir Stefán B. Pedersen, hann er þekktur víða um land sem ljósmyndari. Kona hans átti átti við vanheilsu að stríða og dvaldi um tíma á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Stefán kom þangað á kvöldin og las fyrir hana í setustofnunni, en fleiri íbúar höfðu lagt eyrun við þegar Stefán var að lesa og fór það því svo að hann hélt áfram að koma og lesa fyrir íbúana, eftir að konan lést. Mamma mín var svo ein þeirra sem hlustaði á Stefán lesa á kvöldin. Mér þótti þetta áhugavert og bauð Bjarka að prófa þetta í Brákarhlíð, þannig byrjaði þetta,“ útskýrir Þórólfur.



Þórólfur Sveinsson.

Alltaf jafn gaman

Aðspurður segir hann allan gang á því hversu margir komi og hlusti í hvert sinn en að alltaf sé það jafn gaman að koma í Brákarhlíð og lesa. En hvernig sögur les hann helst? „Fyrst þegar ég byrjaði á þessu var ég mikið að lesa sögur úr héraðinu því það náði vel til flestra. En hópurnir hefur breyst mikið og er uppruni ekki lengur bara hér úr héraðinu og þá veit það fólk ekkert um hvað ég er að tala þegar til dæmis er fjallað

um gamla Borgarnes. Ég reyni að velja lesefnið með hliðsjón af hópnum,“ segir Þórólfur. Eins og Passíusálmarnir eru árvissir á öðrum vettvangi, þá eru Sögur úr Síðunni fastur liður hjá Þórólfi, afbragðs efni segir hann. „Líklega gerir maður þetta skár ef maður hefur sjálfur gaman af efninu, vonandi kemst það líka til þeirra sem hlusta,“ segir Þórólfur. „Stöku sinnum er svo lesefnið frá mér að meira eða minna leyti,“ bætir hann við. Aðspurður segist hann stefna á að halda þessum sögustundum áfram þegar faraldurinn hefur gengið yfir. „Á meðan ég nenni þessu og það er hljómgrunnur fyrir þessu þá held ég að ég haldi þessu áfram. Það verður svo bara að koma í ljós hversu lengi það verður. Breytt tækni býður upp á svo mikið framboð af lesnu efni fyrir fólk að kannski hættir að vera þörf fyrir mig í þessu,“ segir Þórólfur.

arg



Til hamingju með 50 árin!

SJÓVÁ

NESAFL sf.

SJÚKRÞJÁLFUN
HALLDÓRU

Ljómalind
SVEITAMARKAÐUR
FARMERS MARKET

Myndræn skrásetning í Brákarhlíð

Óskar Þór Óskarsson hefur í gegnum árin verið duglegur að skrásetja sögu Brákarhlíðar í formi myndbandsupptaka og ljósmynda. Þegar heimilið var stækkað á sínum tíma kom hann þar annað slagið og myndaði ferlið. Í samvinnu við Guðlaugu Andrésdóttur, sem á þeim tíma sá um félagsstarf aldraðra í Brákarhlíð, setti Óskar saman skemmtileg myndbönd sem sýnd voru á skjávarpa í félagsstarfinu hjá íbúum heimilisins. „Við vorum með ágætis skjávarpa og græjur til að varpa upp myndböndum fyrir heimilisfólk og aðra gesti sem gjarnan komu til að sjá myndböndin,“ segir Óskar. Samstarfið stóð yfir í um 15 ár þar sem Óskar sýndi reglulega myndbönd úr lífi íbúa Brákarhlíðar. „Svo komu þessi nýju persónuverndarlög og maður þorir ekki að láta sjá sig þarna með myndavél eftir það,“ segir Óskar.

En af hverju hefur hann varið öllum þessum tíma í þetta verkefni? „Einfaldlega því mér þykir það skemmtilegt. Mér þykir vænt um þetta heimili og þar hef ég átt marga góða vini sem ég heimsæki reglulega. Þetta hefur kannski bara verið mín leið til að gefa til baka,“ svarar Óskar. „Ég hef í gegnum árin haft gaman að því að mynda ýmislegt fyrir mig sjálfan og langaði að leyfa öðrum að njóta þess með mér sem gætu kannski haft ánægju af,“ bætir Óskar við.

arg



Óskar Þór Óskarsson.



Margir voru saman komnir úti við fyrstu skóflustunguna að stækkun heimilisins.



Blíðskapaveður þegar fyrsta skóflustungan var tekin að stækkun heimilisins.



Frá forsetaheimsókn Ólafs Ragnars Grímssonar í Brákarhlíð.



Á árhátíð starfsmanna Brákarhlíðar eru veittar viðurkenningar fyrir starfsaldur.



Hvammur og Dalur eru í nýbyggingunni sem tekin var í notkun 2012. Ljós. mm.

Starfsemi og skipulag

Starfsemi Brákarhlíðar er skipt upp í tvö meginvið; hjúkrunarsvið og þjónustusvið. Undir hjúkrunarsvið fellur öll fagleg umönnun, samskipti við lækna, vistunarmatsnefnd, umsjón með lyfjamálum og starfsmannamál í aðhlýnningu. Þjónustusvið heldur utan um starfsmannamál og innkaup í eldhúsi, ræstingu, húsvörslu, iðju- og vinnustofu og annað tilfallandi.

Í Brákarhlíð eru fimm heimili sem hvert ber sitt nafn, þau eru Tjörn, Dalur, Hvammur, Efri-Lækur og Neðri-Lækur. Hvammur og Dalur eru í nýbyggingunni sem tekin var í notkun árið 2012. Á báðum heimilunum eru 13 herbergi sem eru nær eingöngu hjúkrunarrými. Þar er eldhús og opið rými með sjónvarpi í setustofu. Bæði heimilin eru jafn stór með eins skipulagi. Þriðja hemilið í nýju byggingunni er Tjörn sem er á neðstu hæð. Þar eru níu herbergi auk tækjarýma.

Á öllum heimilum í nýbyggingunni eru herbergin jafn stór, 36 fermetrar, með jafn stóru eldhúsi.

Í eldri álmu Brákarhlíðar eru tvö heimili, Efri-Lækur og Neðri-Lækur. Þar eru nær eingöngu dvalarrými. Öll herbergin voru gerð upp og stækkuð svo þau eru svipuð að stærð og herbergin í nýju byggingunni. Eins og á hinum

heimilunum er einnig eldhús og setuðastaða á Efri-Læk og Neðri-Læk. Starfsfólk á heimilum Brákarhlíðar sinnir öllum íbúum á sínu heimili auk þess að sjá um öll almenn verk heimilisins að undanskildum ræstingum.

Ýmis verkefni eru í gangi auk hefðbundins heimilislífs. „Við erum með samning við sjúkrahjálfa sem halda utan um reglubundna þjálfun auk starfsmanna heimilisins. Verkefnið „Væntumþykja í verki“ var sett á fyrir frumkvæði sjúkrahjálfa Hildar Aðalbjargar Ingadóttur og Halldóru Jónasdóttur. Er þar að finna æfingar fyrir heimilismenn sem aðstandendur og aðrir geta haldið utan um með sínum ástvin. Æfingarnar eru þannig upp settar að mismunandi æfingar eru settar saman út frá heilsufari og getu hvers og eins. Dagdvöl er alla jafna starfrækt á heimilinu virka daga þó sú starfsemi liggi niðri nú í augnablikinu sökum heimsfaraldurs. Er þar að um að ræða rými fyrir fimm einstaklinga,“ segir Björn Bjarki Þorsteinsson framkvæmdarstjóri Brákarhlíðar. Á jarðhæð heimilisins eru starfræktar annars vegar fótisnyrtistofa og og hins vegar hárgreiðslustofa. Er sú starfsemi óháð rekstri Brákarhlíðar en heimilismenn geta sótt þjónustu þangað.

arg



Til hamingju með 50 árin!

**Garðapjónustan
Sigur-Garðar**

Hs: 435-1435 Vs: 892-7663

Jörvi hf.

Hvanneyri – stofnað 1978

SKESSUHORN

**Bifreiðapjónusta
Harðar ehf.**

Helga Jóhannesdóttir flutti í Brákarhlið 67 ára vegna veikinda

Helga Jóhannesdóttir fæddist árið 1951 og ólst upp á Grund í Saurbæ. Hún fluttist svo vestur á Bíldudal árið 1967 til að fara á vertíð. Þar kynntist hún manninum sínum og lengdist því dvöl hennar fyrir vestan. „Við bjuggum á Bíldudal í 26 ár en þá varð erfitt atvinnuástand þar svo við fluttum í Stykkishólm,“ segir Helga. Um haustið 2017 missti hún svo manninn sinn og skömmu síðar var hún greind með MND sjúkdóminn. Fljótlega átti hún erfitt með að búa ein og hugsa um sig svo hún ákvað að flytja í Brákarhlið í Borgarnesi fyrir um tveimur árum og segist líka það mjög vel.

Liggur í ættinni

Helga byrjaði að vinna á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi árið 2002. „Ég byrjaði í bítibúrinu en fór svo í sjúkraliðanám og útskrifaðist 2009. Ég vann svo sem sjúkraliði allt þar til ég hætti að vinna árið 2017, en það ár fæ ég að vita að ég er með þetta gen sem framkallar þennan sjúkdóm og árið 2018 var það svo staðfest að ég væri með MND,“ segir Helga og bætir við að sjúkdómurinn sé í fjölskyldunni. „Pabbi minn og Dóra, elsta systir mín, dóu bæði úr sjúkdómnum 65 ára gömul og svo erum við tvö systkini og systurdóttir pabba með MND í dag,“ segir hún.

Bjóst við hraðari framvindu sjúkdómsins

„Auðvitað var erfitt að hætta að vera með sitt heimili en það er samt svo gott að vera hér og mér fannst ég strax eiga bara nýtt heimili í Brákarhlið,“ segir Helga og brosir. „Ég hefði alveg örugglega getað fengið heimahjúkrun og búið lengur á mínu heimili í Hólminum. En ég hefði þurft töluverða hjálp því ég get ekki eldað og er mjög léleg í höndunum svo mér þótti bara best kosturinn að fara strax á heimili. Ég reyndar bjóst líka við því að sjúkdómurinn myndi ganga hraðar hjá mér,“ segir Helga. Pabbi hennar og systir létust bæði 15 árum eftir að þau veiktust fyrst en Helga var



Helga flutti í Brákarhlið fyrir tveimur árum.

þó fullviss um að þetta myndi ekki taka svo langan tíma hjá henni. „Ferlið með þennan sjúkdóm er rosalega misjafnt og mitt fólk virðist taka þetta rólega á meðan aðrir eru kannski bara veikir í 2-3 ár áður en þeir fara,“ segir hún og bætir því við að hún sjái þó ekki eftir því að hafa komið strax inn í Brákarhlið. „Það er hugsað svo vel um mann og það er allt svo heimilislegt og notalegt hér,“ segir hún og brosir. „Kannski hjálpaði það mér að aðlagast hversu vel ég þekki svona umhverfi úr mínu starfi,“ bætir hún við.

Vel staðsett í Borgarnesi

Aðspurð segir hún það ekki skipta hana miklu máli að búa á heimili með mun eldra fólki. „Vissulega hefði verið skemmtilegra að geta búið með fólki á mínum aldri en ég er þó 69 ára gömul og því ekkert svo mikið yngri en aðrir hér á heimilinu,“ segir hún og hlær. „En ég held að það sé ekki hægt að halda úti svona heimili fyrir yngra fólk í svona litlum samfélögum og ég vil mun frekar vera hér en í Reykjavík. Ég er vel staðsett hér í Borgarnesi, fólk sem er að fara hér í gegn á leiðinni til eða frá Reykjavík er duglegt að stoppa hjá mér í smá kaffi,“ segir Helga og bætir við að aðstaðan í Brákarhlið sé öll til fyrirmyndar. „Þessi herbergi eru bara eins og litlar íbúðir og maður

getur verið með allt sem maður þarf inni hjá sér, bara eins og á venjulegu heimili,“ segir hún.

Erfitt að hætta að vinna

Spurð hvort það hafi ekki verið erfitt að fara úr umönnunarstarfi yfir í að þurfa sjálf umönnun segir hún svo ekki vera. „Það var yfir höfuð erfitt að hætta að vinna. Þó ég hafi sjálf aldrei ætlað að fara að vinna á sjúkrahúsi og þvertók fyrir að ég myndi enda á að vinna á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi þegar ég flutti fyrst í Hólminn. En svo bara æxlaðist það þannig að ég enda þar og þetta var yndisleg vinna sem gaf mér svo mikið. Að hjálpa öðrum er bara alveg einstakt og það var erfitt að kveðja það. Það var erfitt að fá þennan sjúkdóm en það var ekki erfitt að þurfa sjálf að fá hjálp. Fólkið sem hugsar um okkur hér í Brákarhlið er allt svo yndislegt og það skiptir öllu máli, ég er því ánægð með lífið hér. Ég bað ekkert um þessi veikindi en þau bara komu og ég get ekkert við því gert, þau fylgja mér. Ég er ákveðin í að lifa lífinu bara eins og ég get og ekki láta sjúkdóminn taka það frá mér. Það er áriðandi að vera jákvæður og það góða er að ég er komin hingað þar sem ég fæ hjálpina sem ég þarf frá þessu frábæra fólki og mér líður vel,“ segir Helga að lokum.

arg



Ingigerður Benediktsdóttir líkar vel í Brákarhlið.

Húmor og gott skopskyn bætir lífsorkuna

Ingigerður Benediktsdóttir íbúi í Brákarhlið vann sjálf á heimilinu í fjölmörg ár. „En áður en ég kom í Brákarhlið vann ég í skúr hjá vegavinnu. Ég byrjaði þar eitt sumar og fór svo að vinna á hótelinu í Borgarnesi yfir veturinn. Það líkaði mér ekki. Ég labbaði því upp í Vegagerð í leit að vinnu og þar var sko vinna. Ég tók því annað sumar í þeirri vinnu og hafði góð laun fyrir. Ég lagði launin öll fyrir og á þau enn í dag. Það ættu allir að leggja svona fyrir pening til að eiga síðar,“ segir Ingigerður um árin áður en hún komst í kynni við dvalarheimilið í Borgarnesi. Eftir þennan tíma fékk hún starf á heimilinu og líkaði það mjög vel. „Ég var sett í eldhúsið og á nú skemmtilega sögu úr því,“ segir hún kímín. Aðspurð segist henni einnig líka vel við Brákarhlið sem er í dag hennar eigið heimili. „Ég lamaðist

á vinstri hlið og varð þá óörugg að búa ein í íbúð og sótti um hér í Brákarhlið. Ég fékk fyrst að koma til að prófa og sjá hvernig mér líkaði og það var alveg frábært. Þegar sá tími var svo búinn fór ég til Höllu og spurði hvort ég ætti ekki að fara aftur heim. Hún spurði mig þá hvað ég vildi sjálf og auðvitað sagðist ég ekki vilja fara heim. Ég var enn ekki nógu örugg með mig eftir lömunina þó ég hafi verið heppin og allt kom fljótt til baka aftur. Ég fór því bara ekkert heim og líður afskaplega vel hér,“ segir hún. „Hér er gott að vera og starfsfólkið skemmtilegt, bara alveg jafn skemmtilegt og það var hér áður fyrr. Það er svo mikilvægt að hafa gaman, hafa gott skopskyn og geta gert grín að sjálfum sér og öðrum. Húmor bætir lífsorkuna,“ segir Ingigerður Benediktsdóttir í Brákarhlið.

arg

Til hamingju með 50 árin!

GLITNIR
Brákarbraut 7 • 310 Borgarnesi
Sími 437 1372

ÚTFARARÞJÓNUSTA
BORGARFJARÐAR
OG STRANDA

Hár Center

Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi
437-0102

Auður & Lóa

Rebekka segir Brákarhlíð vera yndislegt heimili

Rebekka Guðnadóttir er eiginkona Ásgeirs Rafnssonar íbúa í Brákarhlíð. Ásgeir veiktist 53 ára gamall og á nokkrum árum ágerðist sjúkdómurinn það mikið að hann varð að hætta að vinna. Svo leiddi eitt af öðru og á einhverjum tímapunkti var staðan sú að hann gat ekki verið einn heima og þá fékk hann inni á dagdeild sem starfrækt er í Brákarhlíð. Hann fékk svo hvíldarinnlögn fyrir rúmum tveimur árum og upp frá því varanlega innlögn, sem þýðir að nú hefur hann sitt herbergi. „Ásgeir er með sjúkdóm sem heitir Lewy body og þarf í dag aðstoð við alla hluti. Að viðurkenna að þú treystir þér ekki lengur til að hafa manninn þinn heima yfir nótt og þurfir að leita á náðir hjúkrunarheimilis er bæði sárt og erfitt, en viðmótið sem við höfum fengið í Brákarhlíð hefur hjálpað mikið. Það er sama hvað er, það eru allir boðnir og búnir að gera allt sem hægt er til að hjálpa. Það skiptir svo miklu máli,“ segir Rebekka.

Undanþága frá heimsóknarbanni

Lewy body er heilabilunarsjúkdómur og þarf Ásgeir því mikla umönnun og að sögn Rebekku hefur ástandið vegna Covid-19 verið einstaklega erfitt fyrir hann. „Það er auðvitað mjög erfitt fyrir alla íbúa dvalar- og hjúkrunarheimila þessar lokanir vegna Covid. En heilabílaðir þurfa alveg sérstaklega mikla nánd við sína ástvini og hafa ekki alltaf skilning á ástandinu svo þetta reynir sérstaklega á þá. En í Brákarhlíð hefur verið tekið svo vel á þessu og fæ ég til að mynda undanþágu til að koma í heimsókn tvisvar í viku,“ segir Rebekka og bætir við að langa lokunin síðasta vor hafi reynst Ásgeiri of erfið. „Það voru allir sammála um að það væri honum ekki gott að fá enga heimsókn í langan tíma og þess vegna fæ ég að koma. En það er þetta sem ég elska við Brákarhlíð, það er svo vel hugsað um alla sem



Rebekka og Ásgeir áður en hann varð veikur.



Rebekka og Ásgeir á góðri stund.

þar búa og allt reynt til að hjálpa. Mér þykir því óendanlega vænt um að fá enn að koma til hans í heimsókn,“ segir Rebekka.

Fallegar móttökur

Undir venjulegum kringumstæðum reynir Rebekka að heimsækja Ásgeir daglega eða annan hvern dag og segist alltaf finna sama góða viðmótið og hlýjuna frá öllum á heimilinu. „Þegar ég fékk að koma aftur í heimsókn eftir löngu lokunina síðasta vor var komið til okkar með bakka með kaffi, konfekt og rauðum hjörtum og ég fór bara næstum að gráta. Þetta var svo huggulegt og fallega gert en það eru þessir litlir hlutir sem skipta svo miklu máli,“ segir Rebekka „Þessi væntumþykja sem maður finnur,“ bætir hún við. Aðspurð segir Rebekka Ásgeir almennt ánægðan í Brákarhlíð svo lengi sem sjúkdómurinn er ekki

mjög slæmur. „Þessi sjúkdómur hegðar sér þannig að stundum er sjúklingurinn betri og stundum verri. Það fylgja honum miklar ranghugmyndir og þegar hann er á þeim stað líður honum ekki vel. Hann vill auðvitað vera heima og það er hræðilegt að geta ekki alltaf tekið hann með heim og að þurfa að viðurkenna að maður treysti sér ekki lengur til að sjá um hann sjálf. En þá daga sem hann er á góðum stað er hann nokkuð sáttur,“ segir Rebekka.

Hlýlegt heimili

Aðspurð segir hún Brákarhlíð mjög heimilislegt og hlýlegt. „Það er unnið eftir Eden stefnunni í Brákarhlíð og þá er lagt upp með að hafa allt heimilislegt, sem er frábært,“ segir Rebekka. „Sumt starfsfólkið þekkir Ásgeir frá fornu fari, sem hjálpar mikið. Það fólk þekkir hann og getur því aðeins spaugað við hann, sem honum þykir mjög gaman,“ segir Rebekka og bætir við að heilt yfir hafi hún ekki yfir neinu á kvarta varðandi Brákarhlíð. „Þetta er gott heimili og ég segi það alveg frá hjartanu að þarna færðu yndislegt viðmót frábærra yfirmanna og starfsfólks og það er það sem skiptir máli,“ segir Rebekka, aðstandandi í Brákarhlíð.

arg/ Ljós. úr einkasafni.



Guðrún Jónsdóttir og fimm ætliðir.

„Framúrskarandi gott að búa í Brákarhlíð“

Guðrún Jónsdóttir íbúi í Brákarhlíð segir heimilið alveg „framúrskarandi gott.“ Guðrún vann sjálf á heimilinu í 19 ár og aðspurð segir hún aðstæður þá og í dag ekki vera samþæðilegar. „Þetta er afskaplega mikið breytt, húsaskipan og allt saman. Umönnunarstörf eru þó ekki ósvipuð held ég, en það er mikið fleira fólk að sinna því í dag en var þá. Það var bara einn hjúkrunarfræðingur að vinna hér þegar ég var, hún Birna Jakobsdóttir. Þetta er allt annað núna, svo mikið hefur breyst,“ segir hún og brosir. „Nema kannski maturinn, hann hefur ekki breyst mikið. Það hefur alltaf þurft að elda og fólk þurft að borða og það breytist ekkert,“ bætir hún við en sjálf vann Guðrún lengi í eldhúsinu á heimilinu. Guðrún flutti í Brákarhlíð 15.

desember 2018 og segist ekki hafa leiðst í eina mínútu síðan hún flutti. „Það er ekki hægt að hugsa sér betri stað að vera á held ég. Hér er hugsað alveg einstaklega vel um mann og allt heimilið,“ segir hún. „Ég ákvað nú að flytja hingað því ég var bara orðin mjög léleg, sérstaklega í fótunum og það var held ég líka betra fyrir fólkið mitt að ég kæmi hingað. Það er sko ekkert að því og ég get ekki hugsað mér betri stað,“ bætir hún við. Guðrún er aldursforseti í Brákarhlíð í dag, 95 ára gömul en auk hennar eru systur hennar tvær einnig búsettar á heimilinu, Elísabet sem er að verða 94 ára og Guðríður 93 ára. En hvernig semur systrunum? „Okkur semur mjög vel og hefur alltaf gert. Við höfum aldrei nokkurn tímann rifist,“ svarar Guðrún og hlær. *arg*




Systurnar Guðríður, Elísabet og Guðrún Jónsdætur eru allar búsettar í Brákarhlíð.



Til hamingju með 50 árin!

HÖFÐI hjúkrunar- og dvalarheimili



Fellaskjól DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð

Andinn er alltaf góður og jákvæður í Brákarhlíð

Ingigerður Benediktsdóttir hefur búið á Brákarhlíð lengst allra sem þar búa í dag. En hún er ein þeirra sem hefur búið á heimilinu frá því áður en nýja byggingin var tekin í notkun. „Þá voru herbergin töluvert minni og ekkert sérstakleg góð. En starfsfólkið bætti það upp,“ segir Jakob Guðmundsson, sonur Ingigerðar. „Í dag er aðstaðan mun betri en starfsfólkið er samt í raun það sem gerir heimilið svona gott,“ bætir hann við. Jakob segir heimilið í hans augum, sem aðstandanda, vera til fyrirmyndar. „Herbergin eru glæsileg og sameiginlega rýmið er líka mjög fínt og ég get rétt ímyndað mér að munur sé mikill fyrir íbúana síðan heimilið var stækkað, það er svo mikið meira pláss og næði fyrir hvern og einn.“

Alltaf góðar móttökur

Aðspurður segir Jakob íbúa hafa góða aðstöðu til að taka á móti gestum á heimilinu í dag, bæði inni á herbergjum og

í sameiginlegum setustofum. „Það er líka alltaf tekið vel á móti öllum gestum á heimilinu, boðið upp á kaffi og svona,“ segir Jakob. „Þetta er svona eins nálægt því og hægt er að vera eins og hvert annað heimili. Þetta er bara eins og heimili sem er fullt af fólki, sem heimilið hennar mömmu í sveitinni var reyndar alltaf,“ segir Jakob og hlær. „Það leynir sér ekki að andinn er alltaf góður og jákvæður á Brákarhlíð,“ bætir hann við. Þá segir hann það stóran kost að inni á hverju heimili sé nánast alltaf sama starfsfólkið. „Ég man að þegar starfsfólkið fór að klæðast sínum venjulega fatnaði í staðinn fyrir sloppum var fyrst smá ruglingur og maður mundi ekki alltaf nöfnin og svona en þetta hefur vanist. Svo hjálpar líka að það er alltaf sama fólkið sem maður á í samskiptum við,“ segir Jakob.

Erfiðar aðstæður í dag

„Mamma er bara alsæl á Brákarhlíð. Hún er orðin mjög



Jakob með bróður sínum Sigurði á æskuslóðum móður þeirra, Brúará á Ströndum.

fullorðin núna en hún nýtur þess að vera þarna og það er vel hugsað um hana. Henni þykir maturinn góður en kvartar þó mikið yfir því að það sé naumt

skammtað af kökum,“ segir Jakob og hlær. „Ætli það sé ekki eitthvað varðandi sykurlinn en henni þykir þetta helsti gallinn á heimilinu, að það vantar meira sætabrauð.“

En hvernig líður henni þessar vikurnar í ljósi aðstæðna vegna Covid-19? „Þetta er erfitt og alveg hundleiðinlegt. Síðustu vikur hefur bara einn mátt koma í heimsókn og ég eini gesturinn sem hún hefur mátt fá. Hún er því löngu orðin hundleið á mér þó vissulega sé ég uppáhalds drengurinn hennar,“ svarar hann og hlær. „Svo á hún afnæli í dag og það er alveg búið að loka og hún má ekki fá neinn gest. Þetta er líka sérstaklega erfitt fyrir hana þar sem hún á orðið erfitt með að tala í síma. En svo held ég að þetta reyni rosalega á starfsfólkið. Þetta eru ekki öfundsverðar aðstæður að vinna við og í raun aðdáunarvert allt sem þau hafa gert til að gera ástandið bærilegra fyrir íbúa,“ segir Jakob og bætir því við að hann hlakki mikið til að geta aftur heimsótt mömmu sína aftur. „En mamma tekur þessu eins og flestir, af æðruleysi og bíður bara þar til þetta gangi yfir,“ segir Jakob sonur Ingigerðar Benediktsdóttur.

arg/ Ljósmynd. úr einkasafni



Allir glaðir í sumarferð heimilisins.



Frá sumarferð á fyrstu árum DAB.



Frá sumarferð í kringum 1980.

Heimilisfólk gerir sér glaðan dag

Meðfylgjandi eru svipmyndir frá því þegar íbúar í Brákarhlíð gera sér glaðan dag utan heimilisins. Myndirnar eru allar úr ljósmyndaalbúnum Brákarhlíðar.



Heimilismenn hressir á ísdegi.



Allir samferða í kaffiboð í Hymunni.



Kaffi í sumarferð starfsmanna og heimilisfólks.



Haldið í kaffiboð í Hymunni.



Kaffiboð í Hymunni.



Anna S. Þórðardóttir og Guðmundur Þórðarson með börnin sín átta, öll í lopapeysum sem Anna þrónaði.

„Heilt yfir held ég að Brákarhlíð sé fyrirmyndar heimili“

Anna Sesselja Þórðardóttir hefur búið á Brákarhlíð frá árinu 2014. Bryndís Hulda Guðmundsdóttir, dóttir Önnu, segir einstaklega vel hugsað um heimilismeðlimi Brákarhlíðar. „Mamma kom fyrst inn í hvíldarinnlögn og fór í varanlega dvöl nokkrum mánuðum seinna. Það er margt gott gert fyrir íbúa heimilisins og ég held að mamma sé mjög ánægð,“ segir Bryndís. „Hún fær alveg stundum heimþrá en ég held það sé bara eðlilegt,“ segir hún og bætir við að mamma hennar hafi farið á heimilið aðeins fyrr en hún kannski þurfti. „Hún vildi fylgja pabba þegar hann fór í Brákarhlíð. Þau voru þar saman fyrstu árin, þar til hann lést,“ segir Bryndís.

Eldhúsið hjarta heimilisins

Sjálf vann Bryndís eitt sumar á heimilinu þegar hún var 17 ára gömul, en hún segir miklar

breytingar hafa orðið á heimilinu síðan. „Þetta var gott heimili þegar ég vann þarna en aðstæður í dag eru bara allt aðrar. Núna hefur hver og einn íbúi mikið meira pláss og það er hægt að bjóða upp á líf eins og eldri borgarar eiga að geta lífað. Það er boðið upp á að fara í jóga, leikfimi, sögustundir og svo margt fleira,“ segir Bryndís og bætir við að henni þyki sameiginleg rými á heimilinu líka mjög góð. „Mér þykir sérstaklega jákvætt að á heimilinu sem mamma er á er stutt í eldhúsið en það er svona hjarta heimilisins sem skapar hlýlegt andrúmsloft og gerir þetta heimilislegt,“ segir Bryndís.

Aðstaðan til fyrirmyndar

Aðspurð segir hún aðstöðuna fyrir aðstandendur mjög góða. Gestir geti bæði farið inn á herbergin, þar sem nóg pláss er fyrir nokkra gesti, eða í setustofur þar sem hún segir

aðstöðuna alveg til fyrirmyndar. „Mér þykir líka svo gaman að sjá myndir eftir Einar Ingimundarson og fleiri listamenn á heimilinu og líka alla gömlu hlutina sem gefnir hafa verið þangað. Þetta gerir heimilið hlýlegt og notalegt og manni líður ekki eins og þetta sé stofnun. Það er líka vel hugsað um að þrifa og það er aldrei þessi þunga lykt eins og maður finnur oft á dvalarheimilium,“ segir hún og bætir við að starfsfólk Brákarhlíðar sé einstaklega gott. „Það hugsa allir svo vel um íbúana. Það er líka kostur að það er eiginlega alltaf sama starfsfólk og mér þykir líka jákvætt að hafa kokk á staðnum sem eldar góðan mat. Mamma er allavega ánægð með matinn. Heilt yfir held ég því að Brákarhlíð sé fyrirmyndar heimili,“ segir Bryndís dóttir Önnu Sesselju Þórðardóttur íbúa á Brákarhlíð.

arg



Þórhildur Kristín Bachmann, þarna orðinn heimilismaður, en var áður um árabíl forstöðukona heimilisins.

Í minningu Bessýjar

Þórhildur Kristín Bachmann, Bessý, veitti Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi stærstan skerf af sinni starfsævi og það gerði hún af heilum hug sem forstöðukona heimilisins í áratugi. Hún hélt vel um stjórnartaumana, gerði það bæði af festu og mildi. Samstarfsfólk hennar ber henni afar vel söguna, hún var sanngjarn og skipulagður stjórnandi, það bar


stjórnunarstíl hennar besta vitnið að fólk ílengdist í starfi og hefur það verið eitt stærsta lán hjúkrunar- og dvalarheimilisins í Borgarnesi hve margt gott starfsfólk hefur ráðist til heimilisins og ílengst í starfi, þar gætir m.a. áhrifa Bessýjar, ritaði framkvæmdastjóri Brákarhlíðar m.a. í minningargrein við fráfall hennar árið 2014.

arg

Dagdvölin hefur hjálpað

Sigríður Anna Þorgrímsdóttir hafði í nokkurn tíma komið í dagdvöl í Brákarhlíð tvisvar í viku, þar til loka þurfti fyrir utan- aðkomandi á heimilið vegna kórónuveirufaraldursins. Sigríður Anna hefur barist við parkinson sjúkdóminn og segir dagdvölin á Brákarhlíð hafa hjálpað sér mikið. „Ég fékk að koma í tvo daga í viku þar sem ég fékk góða aðstoð. Ég fór til dæmis í föndrið þar sem ég heklaði barnateppi og fleira. Svo var boðið upp á leikfimi og jóga sem mér þótti rosalega gott að komast í,“ segir Sigríður Anna.

Aðspurð segir hún þá þjónustu sem hún fékk í Brákarhlíð fyrir kórónufaraldurinn hafa skipt miklu máli og vonast hún til að komast þangað aftur fljótlega. „Þetta skiptir mig máli bæði fyrir heilsuna og félagskapinn,“ segir hún. „Það var yndislegt að fá að koma þarna inn og það er leitun að



Sigríður Anna í Brákarhlíð.

eins mörgu góðu fólki og er saman komið þarna í Brákarhlíð. Ég hef ekki reynslu af öðrum heimilum svo ég get ekki borið þetta saman, en í Brákarhlíð er ekkert nema gott hjálpsamt fólk,“ segir Sigríður Anna.

arg



Til hamingju með 50 árin!



Skorradalshreppur



BORGARBYGGÐ

Velferð íbúa í fyrirrúmi

-segir formaður stjórnar Brákarhlíðar

Mín persónulegu kynni af Brákarhlíð, eða Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi eins og það hét þá, voru framan af ekki mikil, enda var ég ungur bóndi þegar heimilið var fyrst opnað og á þeim aldri er maður upptekinn af öðru,“ segir Jón G. Guðbjörnsson, formaður stjórnar Brákarhlíðar. En elliheimili var honum ekki framandi heimur. Í bernsku ólst Jón upp í nýbyggðri blokk í Reykjavík beint á móti elliheimilinu Grund. „Ég á nú eitt-hvað af minningum frá elliheimilinu, ég man til dæmis eftir gömlum manni þar að gera við net í herberginu sínu, sennilega þó ekki fyrir sjálfan sig. Hann seldi líka sigarettur í lausu,“ segir Jón og hlær. „Líklega hafa starfsstúlkurnar verið helstu viðskiptavinirnir en húsmæðurnar í næsta nágrenni vissu líka af þessum möguleika“. Þá bætir hann við að fleiri myndir sitji eftir í huga hans frá þessum tíma og nefnir sem dæmi líkbílinn keyra frá heimilinu og líkfylgdina sem gekk á eftir upp í Hólavallakirkjugarð. „Ansi flottur bíll, eiginlega viðhafnarbíll,“ segir hann. „Á sumrin vorum við systkinin með mömmu hér í Borgarfirðinum í sumarhúsinu okkar,“ segir Jón og dregur fram mynd af gömlum torfbæ á Lindarhvoli þar sem hann býr í dag. Torfbærinn er að vísu löngu fallinn.

Urðu aðstæður ljósar

Það var svo upp úr 1990 sem Jón kynnist dvalarheimilinu sem aðstandandi. „Foreldrar mínir bjuggu hér áfram hjá okkur hjónum eftir að við tókum við búskapnum. Pabbi minn lést 87 ára gamall eftir fárra daga sjúkrahúslegu og hann fór því aldrei á dvalarheimili. Mamma bjó hér hjá okkur þar til hún varð níræð og þá flutti hún á dvalarheimilið, þar sem hún var í fáein ár. Þannig urðu mér ljósar aðstæðurnar á heimilinu, sérstaklega húsnæðismálin,“ segir Jón. „Herbergin á DAB voru mjög



Jón G. Guðbjörnsson, formaður stjórnar Brákarhlíðar.

lítill og þægindasnaud, nema lítill vaskur. Salerni voru sameiginleg með fleirum og sum herbergin voru tvíbýlisherbergi. Mér þótti það alveg óásættanlegt að tvær óskyldar manneskjur þyrftu að deila herbergi. Sumir voru sáttir við það og jafnvel kusu það frekar en þá var það val. Víða á bæjum hafði fólk ekki þekkt annað. Almennt séð fannst mér þetta ekki vera í lagi og aðstæðurnar voru orðnar barn síns tíma strax þarna, þó það væru ekki nema rúm 20 ár frá því að heimilið var byggt,“ segir Jón „Þetta voru ekki síður erfiðar aðstæður fyrir starfsfólk, að athafna sig í þessum þrengslum. Auðvitað voru stjórnendur meðvitaðir um þetta en starfsfólkið gerði bara það besta úr aðstæðunum. Utanaðkomandi töluðu um gott andrúmsloft á heimilinu. Það var alveg rétt og glögg er gests augað,“ segir Jón.

Fátt veitt meiri ánægju

„Ég hafði haft orð á því opinskátt hvað mér þætti um aðstæður á

heimilinu og ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að leitað var til mín að taka sæti í stjórninni. Það hafði raunar verið leitað til mín með það áður en ég gat ekki sinnt því þá. Svo höfðu aðstæður breyst í seinna skiptið svo ég ákvað að sjá hvort ég gæti ekki orðið að liði. Ég viðurkenni fúslega að það er fátt sem hefur veitt mér meiri ánægju á félagsmálasviðinu en að vera í þessari stjórn,“ segir Jón og brosir. En hvað er það sem gerir þetta svona ánægjulegt? „Ætli það sé ekki fyrst og fremst hversu vel hefur gengið. Eg kem þarna inn í stjórnina árið 2002. Sigrún Símonardóttir var þá formaður og Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri. Fyrri stjórn hafði barist fyrir að fá leyfi til að hefja framkvæmdir til stækkunar heimilisins og endurbóta. En það hafði myndast pattstaða í málinu og allt sat fast,“ segir Jón. Var þá til umræðu að færa heilsugæslustöðina í annað húsnæði eða jafnvel út á Skaga. „Heimamönnum þótti það skrítið miðað við forsendurnar hér, íbúafjölda, vaxandi

sumarhúsabyggð og svo ég tali nú ekki um tvö háskólasamfélög,“ segir Jón. Ekkert varð úr áformum um að færa heilsugæslustöðina og að sögn Jóns losnaði úr þessari pattstöðu á hans fyrsta tímabili í stjórn DAB. „Ráðuneytið tók ákvörðun um að gera ekkert, sem sagt halda heilsugæslustöðinni þar sem hún var og er enn í dag. Þá fóru mál dvalarheimilisins aðeins að hreyfast,“ segir hann.

Allt af stað eftir bankahrun

Þegar fyrsta tímabili Jóns í stjórn var lokið var komin staðsetning fyrir nýja viðbyggingu við DAB og fyrstu teikningar lágu fyrir unnar af Einari Ingimarssyni arkitekt. „Magnús B. Jónsson kom inn í stjórnina árið 2006. Hann var kosinn formaður en ég varaformaður. Við tveir vorum jafnframt í byggingarnefnd ásamt Birni Bjarka þá nýráðnum framkvæmdastjóra. Þrátt fyrir að það hafði losnað um pattstöðuna miðaði málum ansi hægt og við vorum bara í staðinn komin í biðstöðu í langan tíma því ekki tjóaði að fara af stað nema með samþykki ráðuneytisins,“ útskýrir Jón. „Samskiptin við ráðuneytið voru tafsöm og stundum sérkennileg“ bætir hann við. Eigi að síður var haldið áfram með teikningar og aðra hönnun fyrirhugaðra framkvæmda. Það var svo eftir bankahrunið haustið 2008 sem hlutirnir fóru af stað af alvöru en þá kom mikið ákall til ríkisins að fara í framkvæmdir og skapa þannig störf í samfélaginu. „Hin svokallaða leiguleið greiddi götu okkar. Þarna hjálpaði það okkur að við vorum með fullfrágengnar teikningar og allt tilbúið og gátum byrjað um leið og leyfi gafst. Við höfðum unnið heimavinnuna okkar og því komin fremst í röðina,“ segir Jón.

Nýja byggingin var svo tilbúin árið 2012 og tekið var upp nafnið Brákarhlíð sem leysti af hólmi nafnið Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, DAB. Strax í kjölfarið hófust endurbætur á gömlu byggingunni, sem klárðust árið 2014. „Þá var þetta loks komið í það horf sem að var stefnt.

Þetta mál hafði þá eiginlega átt huga minn alveg síðan ég kom inn í stjórnina fyrst. Vegurinn að þessu var langur og torsóttur, Þetta var oft eins og hálfgerð vindmyllubarátta,“ segir hann „en gekk glimrandi vel þegar til kastanna kom. Það var einnig mikið lán fyrir samfélagið að eiga þessa framkvæmd inni á þeim tíma.“

Vilja fjölga hjúkrunarrýmum

Aðspurður segir Jón stjórnina halda áfram að vinna í þágu hagsmuna íbúa Brákarhlíðar. „Við höldum áfram að kljást við stjórnvöld og nú snýst baráttan um daggjöld frá ríkinu, sem eru of lág miðað við það sem á að framkvæma fyrir þau. Sú barátta fer raunar fram að mestu á vettvangi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu sem Brákarhlíð er aðili að. Hins vegar eru hlutföll hjúkrunarrýma og dvalarrýma heimilinu óhagstæð,“ svarar Jón. „Við erum með leyfi fyrir 35 hjúkrunarrými og 17 dvalarrými auk dagdvalarrýma en teljum okkur alveg geta fækkað dvalarrýmum og fjölgað á móti hjúkrunarrýmum sem okkur skortir. Tilboð stjórnvalda er hins vegar einn á móti tveimur, ef við fjölgum hjúkrunarrýmum um eitt þurfum við að leggja af tvö dvalarrými. Það er merkilegt að það þyki í lagi að hafa farið í allar þessar framkvæmdir með samþykki og fyrirsögn ráðuneytisins og eiga svo strax bara að loka hluta af húsnæðinu. Við erum ekki tilbúin til að gambla þannig. En kostnaðurinn fyrir ríkið við tvö dvalarrými er svipaður og eitt hjúkrunarrými. Það er því bara verið að horfa í krónutölur en ekki þörfina sem blasir við,“ segir Jón og bætir við að alltaf sé fullsetið á Brákarhlíð og eftirspurnin mikil.

„Brákarhlíð er eftirsótt heimili og er alltaf með langan biðlista. Það má ekki heldur gleyma mikilvægi þess að hafa einhver dvalarrými. Sumt fólk getur vel verið heima en hefur kannski ekki gott af því, einmanaleikinn er líka drepanði,“ segir hann. „Stjórnvöld hafa lengi sagt það stefnu stjórnvalda að gera fólki kleift að búa sem lengst á sínu heimili, sem er gott og blessað. Það hefur þó vantað að skapa skilyrði til að fólk geti það. Þau eru mörg hagsmunamálin sem þarf að halda utan um. Sem betur fer erum við í stjórninni samheldinn hópur sem vinnur vel saman. Við höfum átt auðvelt með að ræða málin og komast að niðurstöðu og standa saman að henni. Þannig hefur það alltaf verið þau ár sem ég hef setið í stjórninni. Sama á við um framkvæmdastjórnann og aðra stjórnendur og starfsfólk sem er ómetanlegt. Eitt skiptir mestu undir öllum kringumstæðum; og það er að hafa velferð þeirra sem búa í Brákarhlíð í fyrirrúmi,“ segir Jón G. Guðbjörnsson, formaður stjórnar Brákarhlíðar.

Kveðja frá heilbrigðisráðherra

Kæru lesendur!

Þann 31. janúar 2021 fagnar hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð í Borgarnesi 50 ára afmæli. Af því tilefni sendi ég heimilisfólki, aðstandendum þeirra og starfsmönnum kærar afmæliskveðjur. Til hamingju með daginn, Brákarhlíð!

Í Brákarhlíð er unnið frábært starf. Fagmennska einkennir starfið, ástríða fyrir starfseminni og þjónustunni við íbúa heimilisins er áberandi og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þegar kemur að þjónustu við aldraða skiptir mestu að aldraðir fái lífað með reisu og hafi möguleika á því að lifa innihaldsríku lífi, þar sem þeir njóta þeirrar þjónustu sem nauðsynleg er hverju sinni. Sú er sannarlega raunin í Brákarhlíð.

Hlutverk stjórnvalda er að tryggja að allir fái notið



góðrar og nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, og í tíð ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur hefur verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu innviða heilbrigðiskerfisins. Þar er áhersla á uppbyggingu

hjúkrunarrýma og eflingu heimþjónustu við aldraða veigamikill þáttur.

*Kærar afmæliskveðjur,
Svandís Svavarsdóttir,
heilbrigðisráðherra.*

Fimm ára samfelldt uppbyggingartímabil

Magnús B Jónsson var formaður stjórnar Brákarhlíðar í tólf ár

Á tólf ára tímabili frá 2006 til 2018 var Magnús B Jónsson, fyrrverandi skólastjóri á Hvanneyri, formaður stjórnar Brákarhlíðar. Hann var því í forsvari fyrir starfsemina á einu mesta uppbyggingartímabili í sögu heimilisins. Ný stjórn tók við sumarið 2006, skipti með sér verkum; stjórn sem að meirihluta var óbreytt næstu tólf árin og skilaði af sér góðu verki.

„Þegar við tókum við voru það mörg og stór verkefni sem biðu nýrrar stjórnar, bæði gömul og ný. Haldið var áfram vinnu fráfarandi stjórnar sem fólst í að þoka áfram húsnæðismálum dvalarheimilisins, fjölga hjúkrunarrýmum og endurbótum á þáverandi húsnæði. Lítið þokaðist í því máli í fyrstu og engar fjárveitingar voru til okkar í sjónmáli,“ rifjar Magnús upp. „Þrátt fyrir þetta var ákveðið að berjast áfram enda þörfin brýn, leita annarra leiða, ýtt var á ríkisvaldið og beðið þess að það rumskaði. Sparisjóður Mýrasýslu var tilbúinn að koma að stækkun heimilisins og sömuleiðis sveitarfélögin sem standa að því. Ákveðið var að hefja hönnunarvinnu við byggingu nýrrar hjúkrunarálmu og endurbóta á eldra húsnæði síðsumars 2007. Gert var samkomulag við Einar Ingimarsson arkitekt og VSÓ - verkfræðistofu um alla hönnun. Nú kom byggingasjóður heimilisins í góðar þarfir en enga utaðkomandi fyrirgreiðslu þurfti til þess að fjármagna hönnunarvinnuna í upphafi,“ rifjar Magnús upp.

Áformin metnaðarfull

Magnús segir að á þessum tíma hafi mikið verið rætt um samþættingu öldrunarþjónustu og hafði dvalarheimilið frumkvæði af að koma af stað stefnumótunarvinnu um málefni aldraðra á starfssvæðinu. „Í þeirri vinnu kom skýrt fram að skortur var á þjónustuíbúðum fyrir aldraða og í því skyni létum við hanna nokkrar tillögur að íbúðablokk á lóðinni við Borgarbraut 63 og leita samstarfsaðila til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Ekkert varð af þessum áformum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Á árinu 2007 var Björn Bjarki Þorsteinsson svo ráðinn nýr framkvæmdastjóri og kom til starfa í vikunni fyrir bankahrun, 1. október. Nýbygging við dvalarheimilið og endurbætur hins eldra húsnæði var nú megin viðfangsefni stjórnar. Hönnunarvinnu miðaði vel og byggingarnefndarteikningar tilbúnar á fyrri hluta árs 2008. Áformin voru metnaðarfull og í anda stefnumótunar um framfarir hlutverk Brákarhlíðar í öldrunarþjónustu héraðsins. Auk hjúkrunarálmu var gert ráð fyrir samkomusál og tómstundaðstöðu fyrir utanaðkomandi auk heimilsmanna. En þá kom hrúnið og öll áformin urðu strax í uppnámi. Nú þurfti nýja nálgun. Þar kom sér vel að ráðherra málaflokksins sagði engan bilbug á þeirri ætlan sinni að fjölga hjúkrunarrýmum þrátt fyrir



Í maí 2010 var í Borgarnesi skrifað undir samninga vegna fyrirhugaðrar byggingar 32 hjúkrunarrýma. Á myndinni eru ráðherra, stjórn DAB, sveitarstjóri og framkvæmdastjóri DAB. F.v. Páll S. Brynjarsson, Guðsteinn Einarsson, Sæunn Oddsdóttir, Jón G. Guðbjörnsson, Þór Þorsteinsson, Magnús B. Jónsson, Árni Páll Árnason og Björn Bjarki Þorsteinsson.



Íbúar í Brákarhlíð, starfsfólk og gestir njóta góða veðursins og bíða hér eftir að fyrsta skóflustungan væri tekin að stækkun heimilisins síðsumars 2010.

stöðuna,“ rifjar Magnús upp, en ráðherrann sem um ræðir var Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Reistum burst

Magnús rifjar upp að á þessum tímabili hafi skotið upp kollinum svokölluð leiguleið og enn kom því upp ný staða. „Þegar nánari útfærsla hinnar svokölluðu leiguleiðar lá fyrir skyldi einungis samið við sveitarfélög, en ekki sjálfseignarstofnanir. Varð því að gera sérstakt samkomulag við aðildarsveitarfélög að dvalarheimilinu um hvernig aðkoma okkar í stjórn heimilisins yrði að framkvæmdunum. Þann 25. maí 2010 voru svo undirritaðir samningar á milli félagsmálaráðuneytis og Borgarbyggðar um verkefnið og jafnframt samningur milli heimilisins og aðildarsveitarfélaganna þriggja um að framkvæmdirnar yrðu á forræði dvalarheimilisins. Stjórnin ákvað í kjölfarið að efna til lokaðrar verðkönnunar á heimamarkaði og tveir aðilar skiluðu verðtilboðum. Við fengum athugasemdir og „vinsamlegar“ ábendingar að þetta væri ekki samkvæmt reglum. Við reistum burst og sögðumst í fullum rétti enda sambærileg dæmi tiltæk. Varð ekki af frekara skaki,“ rifjar Magnús upp.

Farið af stað eftir hrun

Í framhaldi af verðkönnun á heimamarkaði var samið við

Byggingafélagið Borgfirðing ehf. um stækkun Brákarhlíðar. Fyrirtækið var stofnað sérstaklega um verkefnið af verktökum í héraði. Samningar við verktakana voru undirritaðir 26. ágúst 2010 og fyrsta skóflustunga tekin sama dag. Það voru þau Herdís Guðmundsdóttir frá Hóli í Norðurárdal og Þórður Kristjánsson frá Hreðavatni sem sáu um það verk. Verklök voru áætluð á miðju sumri 2012. Nú voru tímamót og mikill léttir að komast af stað með framkvæmdir. Þær gengu áfallalaust, að undanskildum nokkrum töfum í upphafi, en verkinu miðaði samkvæmt áætlun bæði hvað varðaði tíma og kostnað. Samskipti við verktaka gengu vel í alla staði. Það var svo 14. júlí árið 2012 sem við fengum hjúkrunarálmu formlega afhenta, fullbúna og fyrir það verð sem í upphafi var ætlað.“

Eldra húsnæði lagfært

Þegar nýbygging við Brákarhlíð var fullbúin og tekin í notkun hófust endurbætur á eldra húsnæði strax á árinu 2012. „Samið var að nýju við Byggingafélagið Borgfirðing um þá framkvæmd einnig og var fyrri áfanga verksins skilað í júní 2013. Verktakinn afhenti okkur húsnæðið til notkunar 17. júní 2014. Þá voru eftir nokkrar innansleikjur innanhúss og verkþættir utanhúss. Lokaskýrsla vegna endurbótanna var svo gefin út í júní 2015. Þar með lauk nærri fimm ára samfelldu uppbyggingartímabili í Brákarhlíð



Fyrstu skóflustungu að stækkun heimilisins tóku þau Herdís Guðmundsdóttir frá Hóli í Norðurárdal og Þórður Kristjánsson frá Hreðavatni í ágúst 2010. Herdís var rétt tæplega tíræð að aldri og Þórður tæplega nírræður. Þeim til aðstoðar við stunguna var svo Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

sem skapað hefur heimilisfólki og starfsfólki heimilisins gjörbreytt umhverfi í alla staði. Endurbætur eldra húsnæðisins reyndust mjög flókið og erfitt verkefni og oft var um að litast eins og á vígvelli á framkvæmdasvæðinu. Í þessum aðstæðum var starfsfólki ætlað að starfa, heimilisfólki að una og verktökunum að sinna sínum verkum. Aldrei heyrðust þó úrtölu-eða óánægjuraddir. Í mestri eldlínu stóðu þó framkvæmdastjóri okkar sem var vakinn og sofinn yfir þessu verkefni frá fyrstu stundu og byggingastjórinn Aðalsteinn Kristjánsson sem unnið hafði það vandasama verk að stýra erfiðu og flóknu verki og leitt það með sinni styrku hendi allan ferilinn að því lokamarki sem nú er raunin.“

Magnús segir að framkvæmdir við endurbætur heimilisins hafi verið fjármagnaðar með eigin fé úr byggingarsjóði heimilisins, framlagi frá Framkvæmdasjóði aldraðra, lánsfé og sölu eigna. „Þegar ákveðið var að hefjast handa um endurbætur á húsnæði dvalarheimilisins var ljóst að flytja þyrfti heimilisfólk og til þess að tryggja húsrými voru keyptar þrjár eignir við Ánahlíð. Þær eignir voru svo seldar þegar framkvæmdum var lokið.

Stækkað um 60% á starfstímanum

Fyrrum formaður stjórnar rifjar það upp að rekstur Brákarhlíðar hafi allt hans tímabil í stjórn verið frekar

þungur og hafi þar margt komið til. „Framkvæmdaárin sköpuðu ekki skilyrði til hagræðingar og voru í mörgu útlátasöm. Eftir að framkvæmdunum lauk og nýtt húsnæði var komið í fulla notkun voru gerðar margvíslegar breytingar til að efla og styrkja reksturinn. Allar greiningar sýna að vandi okkar er fyrst og fremst tekjuvandi sem skýrist af því að ríkið sinnir ekki þeirri grunnskyldu sinni að veita nægjanlegu fjármagni til málaflokksins til samræmis við þær kröfur sem það leggur á rekstarðilana. Brákarhlíð er mjög vel í stakk búin til þess að auka umsvifin í starfsemi sinni sem myndi bæta þjónustu við þurfandi hóp fólks. Við getum með litlum tilkostnaði fjölgað hjúkrunarrýmum. Þessir möguleikar hafa ítrekað verið tíundaðir fyrir ráðamönnum en, enn sem komið er, lítill sem engin viðbrögð fengið. Nokkuð hefur þó áunnist því nú eru hér 35 hjúkrunarrými, 17 dvalarrými og fimm dagdvalarrými. Þá hefur Landsspítalinn nýtt þjónustu okkar hins vegna svokallaðs „fráflæðivanda“ og eru heimildir fyrir að taka á móti tveimur einstaklingum. Þegar uppbyggingin á nýju hjúkrunarálmunni hófst voru hér aðeins 22 hjúkrunarrými og hefur þeim því fjölgað á uppbyggingartímanum um tæp 60 prósent,“ rifjar Magnús B. Jónsson upp að endingu.

Ágrip af sögu Brákarhlíðar í tilefni 50 ára afmælis heimilisins

Kvenfélagskonur í héraði ruddu brautina

Saga öldrunarþjónustu á Íslandi í þeirri mynd sem við þekkjum hana er aldar gömul um þessar mundir. Elliheimilið Grund í Reykjavík tók til starfa árið 1922 í steinhúsi við Kaplaskjólsvestan Melana, ekki langt þar frá sem heimilinu var nokkrum árum síðar úthlutað framtíðarlóð við Hringbraut. Það rúmaði 21 heimilismann eða vistmenn eins og það var orðað hér áður. Húsið við Kaplaskjólsveginn hét Grund og af því er nafn heimilisins dregið. Félagsskapur sem hét Samverjar kallað líknarfélag undir forustu Sigurbjörns Á. Gíslasonar hafði frumkvæði að kaupum þess húss að undangenginni almennri fjárflyun og skemmtanahaldi í þeim tilgangi um tveggja ára skeið. Og þá erum við, á árinu 2020, komin rétt eitt hundrað ár aftur í tímann. Árið 1930 var svo hin nýja Grund risin þar sem hún nú stendur og er enn þann dag í dag sterkt kennileiti í Reykjavík; hús sem var hannað og byggt sérstaklega til að vera heimili og athvarf fyrir aldrað fólk.

Næsta skref sem stigið var á þessari vegferð var að Sjómannadagsráð í Reykjavík samþykkti árið 1939 að beita sér fyrir byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða sjómenn. Sú vegferð hefur verið nokkuð torsóttari því heil átján ár liðu þar til þau áform urðu að veruleika. Það hefur haft sitt að segja að í sumarlok það ár skall á heimsstyrjöld, önnur í röðinni á sama aldarhelmingi. Ætla má að það hafi því ekki orðið fyrr en upp úr 1950 sem það var farið að fylgja eftir áformum Sjómannadagsráðs



„Fleira var gert við Þverárrétt til fjárflyunar. Eitt haustið var þar bögglaupþboð. Undirbúningur krafðist mikillar vinnu en fjölmargar hjálparhendur voru á lofti og allir munir gefnir. Guðráður í Nesi var uppboðshaldari. Heppnin var með okkur bæði með veðrið og Guðráð,“ er haft eftir Aðalheiði á Bjargi í 55 ára afmælisriti SBK, en uppboðið fór fram 1961 þegar Samband borgfirskra kvenna var byrjað af krafti að fjármagna byggingu dvalarheimilis.

frá því fyrir stríð. Hvað sem því leið þá fékk Sjómannadagsráð heimild árið 1954 til að starfrækja happadrætti sem er gert á þess vegum enn þann dag í dag. Á Sjómannadaginn 2. júní 1957 var fyrsta Hrafnistuheimilið vígt.

Aðrir tímar

Upphaf sögu þessara tveggja hjúkrunarheimila er lauslega rifjuð upp hér samhengisins vegna sem fyrstu skrefin í langri vegferð. Þessi heimili eru fyrirmynd þess

sem koma varð og eru nú stærstu veitendur öldrunarþjónustu í landinu. Framan af tuttugustu öldinni var fólk flest sem á annað borð komst á efri ár, orðið útslitið af erfiðisvinnu og þrældómi sem ekki sá fyrir enda á. Þannig hafði það verið um aldir. Fátt var sem létti fólki stritið og hver stund nýtt til lífsbjargar. Þegar starfsþrekið þraut þá kom það í hlut heimilanna að veita þá þjónustu sem hinir öldruðu þörfuðust. Til þess voru aðstæður yfirleitt ekki góðar, voru óhentugar og þröngbýlt,

jafnvel fleiri fjölskyldur en ein í sama húsnaðinu. Oftar en ekki var gamalt fólk orðið rúmfast, hætt að fylgja fötum, komið í kör, orðið karlægt. Orðgnóttina skorti ekki. Konurnar, húsmæðurnar, báru hitann og þungann af þessari þjónustu sem jafnframt tók tíma frá öðrum nauðsynlegum verkum. Þannig var það ekki hvað sízt til sveita og þar bjó stór hluti þjóðarinnar.

Dagrenning nýrrar tíðar

En tuttugasta öldin var einnig dagrenning nýrrar tíðar. Það sýnist því hafa legið beint við og í hæzta máta sjálfsagt að á vettvangi Sambands borgfirskra kvenna (SBK) hafi fyrst verið vakin athygli á þörfinni fyrir dvalarheimili aldraðs sveitafólks hér í héraði og lagt til að sambandið beitti sér í því máli. Það gerði Steinunn Benediktsdóttir húsfreyja í Ausu í Andakílshreppi. Þetta var á aðalfundi SBK árið 1957. Steinunn mun að vísu áður hafa reifað þetta hugðarefni sitt á félagsfundum í Kvenfélaginu 19. júní og borið málið þaðan fyrir aðalfund sambandsins. Hún átti einnig frumkvæði að stofnun dvalarheimilissjóðs með tíu króna framlagi. Líggur nærri að það hafi jafnast á við árstíllag í félagsskap eins og kvenfélagi. Aðrar sambandsfundarkonur styrktu hinn nýja sjóð með samskotum að upphæð kr. 350. Og þar með fór boltinn að rúlla. Kosin var dvalarheimilisnefnd og var Steinunn formaður nefndarinnar tvö fyrstu árin eða þar til hún andaðist árið 1959. Þá tók Aðalheiður Jónsdóttir á Bjargi við formennskunni og sinnti því starfi samfellt í rúm tuttugu ár að nefndin hætti störfum árið 1980. Aðrar nefndarkonur með

Aðalheiði mörg fyrstu árin voru Unnur Pálsdóttir á Fróðastöðum, Ingveldur Guðjónsdóttir í Rauðanesi, Guðrún Davíðsdóttir á Grund og Jakobína Hallsdóttir í Borgarnesi.

Kjarnakonur og fjáraflabrogð

Kvenfélagakonurnar sátu ekki auðum höndum. Þegar var hafizt handa um fjársöfnun í dvalarheimilissjóðinn undir forystu nefndarinnar sem auk þess vann að framgangi sjálfs málefnsins. Á árinu 1958 aflaði nefndin 53 þúsunda króna með merkjasölu, hlutaveltu og dansleikjum. Áfram var haldið næstu árin og við bættust skyndihappdrætti, skemmtikvöld, kökubazarar og aðrir bazarar, árvis sala jólakorta og bögglaupþboð. Kvenfélög innan SBK voru innan handar við framkvæmd þessara fjölbreyttu fjárflyunarverkefna. Árið 1961 fékk nefndin leyfi til þess að setja upp danspall við samkomuhúsið í Þverárrétt og stóð þar fyrir réttarböllum um árabil með skemmtanaleyfi í vasanum fyrir dansleikjum á Þverárréttardag og tripparéttardag og einum sumardansleik ár hvert. Leyfi fyrir pallinum var til tíu ára en mun hafa verið notaður eitthvað lengur. „Fleira var gert við Þverárrétt til fjárflyunar. Eitt haustið var þar bögglaupþboð. Undirbúningur krafðist mikillar vinnu en fjölmargar hjálparhendur voru á lofti og allir munir gefnir. Guðráður í Nesi var uppboðshaldari. Heppnin var með okkur bæði með veðrið og Guðráð,“ er haft eftir Aðalheiði á Bjargi í 55 ára afmælisriti SBK. Þá má nefna að á meðan byggingaframkvæmdum dvalarheimilisins stóð var efnt til stórhappadrættis árið 1970 með veglegum vinningum, jafnvel utanlandsferð, fyrir einn, nota bene. Það voru sannarlega allar klær úti til fjárflyunar og á þann hátt tókst SBK að standa við sínar skuldbindingar samkvæmt stofnsamningi sem nam 15% hlutdeild í framkvæmdakostnaði. „Eignaðist þetta málefni smám saman marga velunnara sem færðu dvalarheimilissjóði gjafir og greiddu götu nefndarinnar á ýmsan hátt,“ vitnað orðrétt í 40 ára afmælisriti SBK. Einnig leitaði nefndin liðsinnis ýmissa aðila svo sem sýslunefnda og hreppsfélaga til framgangs málinu.

Staðarval

Ekki var einhugur um fyrirhugað staðarval dvalarheimilisins. Sigurbjörg Björnsdóttir húsfreyja í Deildartungu hafði boðið fram lóð undir heimilið og heitt vatn án endurgjalds. Raunar bárust tvö tilboð þessa efnis, hitt frá Stefáni Þorvaldssyni bónda á Norðurreykjum í Hálsasveit.




Fulltrúar á aðalfundi Sambands borgfirskra kvenna 1961. Þar bar málefni vantanlegs dvalarheimilis á góma. Myndin var tekin á tröppum Húsmæðraskólans á Varmalandi og birtist í afmælisriti SBK.

Þótt tilboðin væru hliðstæð þá var staðsetningin það ekki og tilboð Stefáns því verið lagt til hliðar. Akurnesingar höfðu strax í upphafi haft veður af þessum áformum kvennanna og vildu kanna grundvöll fyrir byggingu sameiginlegs dvalarheimilis í nágrenni Akraness. En það er vandi góðu boði að neita. Staðarvalið hefur verið verulegur höfuðverkur fyrir dvalarheimilisnefndina og stjórn SBK. Aðalfundur SBK árið 1960 kaus níu manna nefnd (dvalarheimilisnefndina auk fjögurra til viðbótar) til að leiða staðarvalsmálið til lykta. Málið var borið undir landlækni og einnig var leitað álits Gísla Sigurbjörnssonar forstjóra Grundarheimilianna sem færði rök fyrir því að Borgarnes væri heppilegasti staðurinn. Gísli hafði sýnt áhuga sinn fyrir þessu framtaki og fylgst með starfi nefndarinnar. Hann bauð nefndinni og fulltrúum sýslnanna ásamt formanni SBK að skoða elliheimilin syðra. Segja má að þáverandi landlæknir, Sigurður Sigurðsson, hafi hoggið á hnútinn er hann gaf það út að hann samþykkti ekki að dvalarheimilið yrði í sveit og færði bréfflega rök fyrir því. Staðarvalsnefndin fundaði 23. júní 1961 og ákvað að stefna til Borgarness, að heimilið yrði reist þar. Var það samþykkt með átta atkvæðum af níu. Borgarneshreppur bauð fram lóð á Bachmanstúni án endurgjalds og kr. 500 þús. í meðgjöf. Þar með var teningunum kastað. Helstu rökin með því að velja heimilinu stað í Borgarnesi voru m.a. þau að heimsóknir til heimilismanna væru auðveldari aðstandendum og vinum. Til Borgarness ættu héraðsbúar erindi með nokkuð reglubundnum hætti vegna verzlunar og þjónustu. Auðveldara yrði með ráðningu starfsfólks þar. Ekki þyrfti að byggja yfir það sérstaklega. Læknisþjónusta á Kleppjárnsreykjum yrði ekki þar til frambúðar. Það varð, Kleppjárnsreykjalæknishérað var lagt niður með tilkomu Heilsugæzlustöðvarinnar í Borgarnesi. Svo fór að DAB lagði til þess hluta af sinni lóð og var heilsugæzlustöðin byggð áföst dvalarheimilinu. Sú tilhögun hefur haldizt síðan og reynzt DAB/Brákarhlíð og íbúum dvalarheimilisins afar dýrmæt. Það hefur verið mjög til hagræðis og sambýlið gengið afar vel alla tíð. Staðarvalið hafði hins vegar þær afleiðingar að kvenfélögin sunnan Skarðsheiðar endurskoðuðu afstöðu sína til dvalarheimilismálsins og ákváðu að styðja fremur við byggingu elliheimilis á Akranesi enda var viðfangsefnið ekki lengur bundið við sveitafolk eins og það hafði hljóðað í fyrstu, þegar málið kom fram á aðalfundi SBK árið 1957. Um þessa ákvörðun ríkti full sátt og skilningur. En þótt staðarvalið hafi verið til lykta leitt um sumarsólstöður árið 1961 þá þýddi það ekki að allir væru sáttir við niðurstöðuna. Þannig gerast hlutirnir ekki. Bæði var látið eins og málið væri ófrágengið eða gerðar tilraunir til að því yrði hnekkt, síðast þegar framkvæmdir voru í þann veginn að hefjast.

Málið þokast í rétta átt

Aftur skal vitnað orðrétt í 40 ára afmælisrit SBK: „Á sýslufundum 1958 voru kosnir tveir fulltrúar, annar fyrir Mýrasýslu og hinn fyrir

Borgarfjarðarsýslu, til að starfa með dvalarheimilisnefnd SBK. Hélt sú skipan til ársins 1964. Á árunum 1964-68 tókst nefndinni smátt og smátt að fá forráðamenn sýslna og hreppsfélaga í héraðinu til að ganga í málið, enda gat nefndin þá lagt fram myndarlega fjárhæð til dvalarheimilisbyggingar, og hafði einnig unnið geysimikið undirbúningsstarf að öðru leyti.“ Þeir sem kosnir voru af sýslunefndunum til að starfa með dvalarheimilisnefnd SBK voru þeir Þórður Pálmason frá Mýrasýslu og Kristleifur Þorsteinsson frá Borgarfjarðarsýslu. Ljóst er af viðbrögðum sýslunefndanna að þær hafa tekið málflutningi dvalarheimilisnefndarinnar vel og af fullri alvöru. Var svo alla tíð. Á þetta var litið sem nauðsynlegt framfaramál í héraði en að borgfirzkum hætti ekki stokkið til og tekin fyrsta skóflustungan enda krafðist málið ýtarlegs undirbúnings áður en til slíks kæmi. En málefnið var komið á dagskrá. Á árinu 1964 virðist að málið sé að færast meira í fang sýslunefndanna eða nefndar á þeirra vegum þótt dvalarheimilisnefnd SBK slái



Þessi mynd var tekin stuttu eftir vígslu hússins í janúarlok 1971.

hvergi slöku við. Á aðalfundi sýslunefndar Mýrasýslu árið 1965 lá fyrir beiðni frá byggingarnefnd dvalarheimilisins um fjárframlag. Sýslunefndin tók málinu vel og lýsti yfir orðrétt: „Heitir sýslunefndin stuðningi sínum við þetta mál eftir því sem úrræði séu til hverju sinni, svo sem ábyrgðum sýslusjóðs fyrir byggingarlánum eftir því, sem nánar kann að verða ákveðið síðar.“ Þetta heitir nú að vera bæði með belti og axlabönd, því allur er varinn góður, en samþykkt var að ábyrgðarheimildir yrðu til staðar ef á þyrfti að halda til lántöku. Á sýslunefndarfundum ári síðar 1966 eru í fyrsta sinn samþykktar fjárveitingar af hálfu sýslunefndanna til verkefnisins og þá væntanlega til undirbúnings framkvæmdanna. Ekki er að efa að öflugt fjáröflunarstarf Sambands borgfirzkra kvenna og ýtni hefur gert aðilum ljóst að þar væri um að ræða þátttakanda sem staði fyrir sínu.

Geirnegling

Á aðalfundum sýslunefndanna beggja í maí 1968 var endanlega staðfest þátttaka sýslnanna í framkvæmdunum með samþykkt kostnaðarhlutfalla þeirra aðila sem að byggingunni standa og að þau yrðu þannig: Mýrasýsla 30%; Borgarfjarðarsýsla 15%; hreppar milli Hvítár og Skarðsheiðar 22%; Borgarneshreppur 18% og SBK 15%. Málið var svo geirneglt í júlímánuði sama ár með undirritun stofnsamnings um

byggingu 1. áfanga dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi. Áætlaður framkvæmdakostnaður hljóðaði upp á 10 m.kr. Ákveðið var; „að skiptingin næði til þess kostnaðar sem héraðið yrði að leggja fram umfram það sem fengizt frá öðrum opinberum aðilum, félögum eða einstaklingum sem vilja leggja fé til þessa nauðsynjamáls.“ Sýslunefnd Mýrasýslu áréttaði að hún teldi sig óbundna af þátttöku í rekstrarkostnaði, þrátt fyrir þessa samþykkt, en muni taka afstöðu til þess síðar er áætlun um rekstrarkostnað liggur fyrir. Fáum árum síðar komu Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur til samstarfs um dvalarheimilið en Miklaholtshreppur 1994 með sameiningunni við Eyjahrepp.

Byggingarnefnd tekur við og framkvæmdir hefjast

Er hér var komið var ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa. Í ágústmánuði sama ár var kosin framkvæmdanefnd sem í daglegu tali var kölluð byggingarnefnd. Hún var þannig skipuð að Aðalheiður

góð samstaða allra aðila sem að framkvæmdinni stóðu um að drífa verkið kröftuglega áfram. Byggingarnefndin sem vissulega var skipuð aðilum með ólíkar stjórnmalaskoðanir, átti sérlega gott samstarf sem aldrei féll skuggi á. Það kom vissulega í minn hlut að leiða þetta starf sem formaður byggingarnefndarinnar. En það var mikils virði fyrir mig að hafa jafn reyndan mann og Þórður Pálmason var í því starfi sem hann tók að sér. Aðalheiður á Bjargi vann að þessari hugsjón sinni af eldmóði og var oft gaman að starfa með henni, því hún er í senn hjartsýn og glaðlynd. Halldór E. Sigurðsson var okkur líka góð hjálparhella í ýmsum efnum.“ Uppsteypa hússins kom síðan í hlut Guðmundar Inga Waage sem hann skilaði af sér komnu undir þak.

Tilbúið undir tréverk

Eitt af verkefnum byggingarnefndarinnar var að tryggja fjármögnun framkvæmdanna. Þar kom inn í myndina sjóður í vörzlu félagsmálaráðuneytisins sem nefndur var Jóhannssjóður. Jóhann

voru á sjöunda áratugnum uppi áform um að sameina læknishéruðin í Borgarfirði í eitt með aðsetri í Borgarnesi. Sambýli við dvalarheimilið hafði mjög komið til álita í því efni, það væri góður kostur, talið beggja hagur og staðsetningin heppileg. Málið hafði verið rætt af hálfu viðkomandi ráðuneytis við formann byggingarnefndarinnar og þá nefnt að læknamiðstöðin yrði byggð sem viðbygging vestan við nýbygginguna en þar hafði verið gert ráð fyrir viðbyggingu fyrir dvalarheimilið. Formaður læknamiðstöðvarinnar óskaði eftir viðræðum um málið við byggingarnefndina. Efnr var til fundar 9. janúar 1971 í því skyni. Mættust þar byggingarnefnd dvalarheimilisins ásamt framkvæmdastjóra sínum Þórði Pálmasyni og stjórn læknamiðstöðvarinnar en hana skipuðu læknamirnir Aðalsteinn Pétursson og Valgarð Björnsson, Húnbogi Þorsteinsson sveitarstjóri og Friðjón Sveinbjörnsson sparisjóðsstjóri. Farið var yfir aðdraganda málsins og gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem byggingarnefndin taldi nauðsynlegt að setja ef til þessa kæmi. Þar var nefnt að það yrði skylda læknamiðstöðvarinnar að taka þátt í frágangi lóðar og bifreiðastæða og lagningu sameiginlegra lagna s.s. fyrir miðstöð, vatn, frárennsli og síma. Einnig að arkitekt dvalarheimilisins fylgdist með þeim breytingum sem gera þyrfti. Að svo bínu staðfestu aðilar samkomulag um sambyggingu læknamiðstöðvarinnar við dvalarheimilið og dvalarheimilið afsalaði sér hluta lóðar sinnar til læknamiðstöðvarinnar. Báðir aðilar settu fyrirvara um staðfestingu samkomulagsins í sínu baklandi.

31. janúar 1971

Nú dró til tíðinda í héraði. Nýbygging dvalarheimilisins var því sem næst tilbúin. Það hefur verið vel að verki staðið. Seinni hluta janúar fluttu fyrstu íbúarnir inn. Þremur mánuðum fyrr hafði verið ráðin forstöðukona til heimilisins. Hún hét Anna Gestsdóttir úr Borgarnesi. Hafði hún síðan þá unnið að undirbúningi starfseminnar. Þann 31. janúar 1971 rann svo vígsludagurinn upp. Ekki er vafi að eftirvænting hafi ríkt í brjóstum margra og ekki sízt þeirra kvenna sem höfðu lagt líf og sál í þetta verkefni undanfarin fjórtán ár. Og vegleg afmælisgjöf hefur það verið Sambandi borgfirzkra kvenna sem þá stóð á fertugu, að sjá þetta þeirra hjartans mál í höfn. Stofnkostnaður var kominn í 13 m.kr. sem er ekki hærri upphæð en vænta mátti að teknu tilliti til verðbólgu þess tíma. Frá þessari upphæð drógust peningagjafir og framlög óskuldbundinna áður en til til skipta kom samkvæmt samkomulaginu um skiptahlutföll. Samband borgfirzkra kvenna var í skilum með sitt en var jafnframt orðið fjárvana. Heimilið rúmaði 29 íbúa og ekki leið á löngu þar til það var fullskipað. Herbergin voru öll nema eitt tveggja manna. Þórunn Eiríksdóttir lítur yfir farinn veg 15 árum síðar: „Ánægjulegt var að vera boðinn til vígslu Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi, afhenda því gjafir í nafni S.B.K. og hugsa til þess með stolti, hvað sambandið átti stóran þátt í að koma því upp.“

framhald á næstu opnu



Stjórn DAB á fyrri hluta níunda áratugarins. Efri röð f.v. Óli Jón Gunnarsson, Þórður Kristjánsson, Haukur Sveinbjörnsson og Geir Waage. Í neðri röð f.v. Þórhildur Bachmann, Aðalheiður Jónsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir.

Brynildur Eyjólfsdóttir ljósmóðir á Arnbjargarlæk flutti eftirfarandi kveðju í ljóði:

var framkvæmdum lokið 1975. Þó fór svo að uppsteypu efstu hæðarinnar var slegið á frest og



Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Myndin er tekin seinni hluta níunda áratugarins.

fráfarandi stjórnar fastar í læstri biðstöðu vegna óvissu um framtíð heilsugæslunnar, sambýlisstofnunar

að myndu ekki nýfast að neinu leyti þótt í væri ráðizt, þegar til endurbóta húsnaðisins kæmi síðar. Undanþága fékkst frá því að leggja í þessa framkvæmd en þeir sem hana veittu minntu reglulega á sig af og til.

Heilsugæzlan kjur

Þar kom að heilbrigðisráðuneytið tók þá heilbrigðu ákvörðun að gera ekki neitt. Stundun er það bezt. Heilsugæzlan í Borgarnesi skyldi vera á sínum stað. Þar með var húsnaði hennar ekki falt sem betur fer og hefði enda verið óhentugt dvalarheimilinu. Stjórn DAB beið ekki boðanna því nokkuð var liðið á skipunartíma hennar. Á fundi stjórnar DAB 14.12 2005 var kosin undirbúningsnefnd vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í henni sátu Finnbogí Rögnvaldsson formaður byggðarráðs Borgarbyggðar, Jónína Heiðardóttir fyrir Borgarfjarðarsveit, Guðsteinn Einarsson fyrir Skorradalshrepp og hreppana vestan Hítarár, Margrét Guðmundsdóttir frkvstj. DAB og Jón G. Guðbjörnsson úr stjórn DAB. JGG var kosinn formaður nefndarinnar. Á fundinum lágu fyrir tvö minnisblöð sem segja má að hafi lagt línurnar um verkefni nefndarinnar. Nefndin hófst þegar handa og með fyrstu verkum hennar var að fá Einar Ingimarsson arkitekt til ráðgjafar m.a. til mats á byggingarkostum. Hans niðurstaða var að hagkvæmast væri að nýta lóðina meðfram Ánahlíðinni. Var honum þá falið að gera tillögu um það hvernig lóðin gæti bezt nýtt fyrir nýja viðbyggingu.

Stefnan tekin

Undirbúningsnefndin hélt nokkra fundi m.a. með Einari arkitekt. Tillaga hans sýndi að

vel mætti koma fyrir byggingu við Ánahlíðina með kjallara/ jarðhæð og tveimur hæðum ofan á með 15 íbúðarrýmum á hvorri hæð en miðlægu þjónusturými á jarðhæð auk salar til hliðar vestan við. Að vísu yrði að ganga aðeins á klettinn austast á lóðinni. Nefndin fól formanni að fara ásamt Einari á fund umhverfis- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar og kynna þar framkvæmdatillögurnar. Þetta var 7. marz 2006 og þremur dögum seinna er svar skipulagsnefndarinnar dagsett bréflega með svohljóðandi bókun: „Nefndin tekur jákvætt í framsettar hugmyndir arkitekts um stækkun.“ Punktur og basta. Engar málalengingar. Þetta svar hafa fulltrúar í undirbúningsnefndinni í vegarnesti á stjórnarfundi 15. sama mánaðar. Einnig var lagt fram minnisblað um störf nefndarinnar. Lagði hún til að stjórn DAB sendi formlegt erindi til byggðarráðs að mega nýta baklóðina með þeim hætti sem lýst var. Lögð var fram tillaga að ýtarlegu bréfi til yfirvalda í Borgarbyggð. Var það undirritað af allri stjórninni á fundinum. Á stjórnarfundi 2. maí er svo með sama hætti gengið frá formlegu hliðstæðu bréfi til Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra og jafnframt beiðni um fund með ráðherranum. Prennt hafði áunnist þennan veturinn. Staðsetning nýbyggingarinnar var ákveðin, fyrstu teikningar lágu fyrir og málið var komið í farveg gagnvart hlutaðeigandi stjórnvöldum. Vilji stjórnar DAB var skýr en fjarri því var að björninn væri unninn.

Stjórnarskipti sumarið 2006

Vorið 2006 voru sveitarstjórnarkosningar. Magnús B. Jónsson var kjörinn formaður í nýrri stjórn DAB eftir

Næstu skref

Hér hefur verið greint frá aðdraganda og byggingu 1. áfanga dvalarheimilisins. Fyrirliggjandi teikningar gáfu þó sýn á framhaldið, álmu til vesturs frá nýbyggingunni. En þegar hér er komið sögu var búið að gefa frá sér þann hluta lóðarinnar undir heilsugæzluna. Þá var blaðinu snúið við nánast í bókstaflegri merkingu. Teikningum var breytt og gert ráð fyrir viðbyggingu við norðurgafn og álmu til austurs. Byggingarnefndin hafði verið lögð niður en í hennar stað kjörin stjórn fyrir dvalarheimilið á fulltrúafundi í marz 1971. Hana skipuðu Ásgeir Pétursson formaður, Halldór E. Sigurðsson, Aðalheiður Jónsdóttir, Þórður Kristjánsson og Jakob Jónsson. Á fundi stjórnarinnar 24. júlí 1971 lágu fyrir frumteikningar að hinni nýju álmu við nýtt horn. Jafnframt var ákveðið að fara að tillögu Aðalheiðar að í nýju álmunni yrði gert ráð fyrir eins manns herbergjum. Einnig var samþykkt að stjupa grunnplötu fyrir haustið. Hvort af því varð er óljóst en í bréfi stjórnarformanns til heilbrigðisráðuneytisins í ársbyrjun 1973 eru kynnt byggingaráform vegna 2. áfanga dvalarheimilisins og leitað framlags af fjárlögum. Þess er þá getið að raunar séu framkvæmdir hafnar við grunn byggingarinnar. Nýja álman átti að vera þriggja hæða, jarðhæð og tvær hæðir ofan á. Áætlað var að gera alla bygginguna fokhelda í einum áfanga en fresta innréttingu efstu hæðarinnar sem yrði íbúðarhæð eins og miðhæðin en á jarðhæð geymslur og salir fyrir tómtundastarf heimilismanna. Byggingameistari var Þorsteinn Theódórsson og

framkvæmdum lokið í bili með bráðabirgðabaki yfir miðhæðina. Nokkur ár liðu þar til síðari hluta annars áfanga lauk með byggingu þriðju hæðarinnar sem var reist úr forsteyptum einingum frá Loftorku. Hún var tekin í notkun 1983. Upphaflega var gert ráð fyrir aðstöðu fyrir 22 íbúa á hvorri hæð. Það mun hafa breytzt á undirbúningsstigi með því að gera ráð fyrir einstaklingsherbergjum að hluta til. Nokkur herbergi á jarðhæð voru hins vegar um tíma nýtt sem íbúðarherbergi.

Pattstaða

Sá sem ábyrgur er fyrir þessari samantekt var kjörinn í stjórn Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum árið 2002. Fyrir í stjórninni voru Sigrún Símonardóttir formaður, sr. Geir Waage, Haukur Sveinbjörnsson og Sæunn Oddsdóttir. Eins og lýst er hér annars staðar í blaðinu þá voru framkvæmdavæntingar



Hér er búið að byggja kjallara og fyrstu hæð viðbyggingar í austur frá upphaflegri byggingu. Í greininni kallað fyrri hluti annars áfanga. Árið er 1975.

BE



Hér er nýlega lokið við byggingu heilsugæslustöðvarinnar á áttunda áratugnum, vestur úr upphaflegri byggingu dvalarheimilisins sem það heimilaði heilsugæslunni afnot af.

kosningarnar. Auk hans komu ný inn Ingunn Alexandersdóttir, Þór Þorsteinsson og Guðsteinn Einarsson. Fyrir voru Sæunn Oddsdóttir og Jón G. Guðbjörnsson. Seinna drukkum við Magnús svo kaffið (eða var ekkert kaffi?) með Siv ráðherra en ekkert vannst með þeirri ferð. Hins vegar mætti ætla að stjórnvöld hafi þá verið komin með 2007-fílinginn. Búið var að skara rýmisviðmið fyrir hvern heimilismann á hjúkrunarheimili upp í 75 m2 þar af um helmingur sem einkarými. Ekki er vitað hvort einhver ráðherra hafi kvittað upp á þessa stefnumörkun en síðar var dregið í land ofan í 65 m2 sem er ærið pláss. En það var of seint fyrir Brákarhlíð. Herbergjum fækkaði um tvö á hvorri hæð án þess að byggingin minnkaði.

Nýr framkvæmdastjóri 2007
Snemma árs 2007 sagði Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri DAB til 30 ára, starfi sínu lausu. Margrét átti að baki langan og farsælan feril í sínum störfum fyrir heimilið. Starfið var auglýst og bárust nokkrar umsóknir. Björn Bjarki Þorsteinsson úr Borgarnesi var valinn úr hópi vel hæfra



Falleg vetrarmynd. Listaverk eftir Hallstein Sveinsson þrýddi aðkomuna.

umsækjanda og hefur staðið vaktina síðan. Er hann þriðji í röð farsælla framkvæmdastjóra DAB/

Brákarhlíðar. Það er mikið lán svo mikilvægri stofnun. Einnig hefur ríkt almennur stöðugleiki

alla tíð í starfsmannahaldi DAB/ Brákarhlíðar sem er ómetanlegt og segir margt.

Hér hefur verið dregin saman í stórum dráttum 35 ár af sögu DAB/Brákarhlíðar og aðdraganda hennar, en látið staðar numið um sinn. Talsvert er ósagt, eitthvað missagt eða misskilið en vonandi ekkert alveg ósatt. Víðar í blaðinu er meiri fróðleik að finna. Ábendingar um hvað eina sem áfátt er eru vel þegnar.

Jón G. Guðbjörnsson, formaður stjórnar Brákarhlíðar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.

Helztu heimildir og þakkir:
Afmælisrit SBK vegna 40 og 55 ára afmæla sambandsins. Fundargerðir sýslufunda Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, skrifleg frásögn Ásgeirs Péturssonar fyrrum stjórnarformanns DAB af framkvæmdum og undirbúningi þeirra. Einnig Margrét Guðmundsdóttir, Guðmundur Ingi Waage, Halldór Bjarnason, Davíð Pétursson og Svanur Guðmundsson. Ennfremur þakkir til Jóhönnu Skúladóttur skalavarðar fyrir aðstoð og Birni Bjarka Þorsteinsyni fyrir samvinnuna. Ljósmyndir úr afmæliriti SBK og frá Safnahúsi Borgarfjarðar.

Bakhjarlar Brákarhlíðar senda kveðjur

Kveðja frá SBK
Til hamingju með afmælið Brákarhlíð!
Fyrir rúmum 50 árum hóf Samband borgfírskra kvenna (SBK) söfnun fyrir dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. 31. janúar 1971 opnaði svo dvalarheimilið (DAB) og fagnar því 50 ára starfsafmæli í janúar nk. Kvenfélögin hafa í gegnum árin verið dyggir stuðningsmenn, gefið veglegar gjafir og skipt á milli sín heimsóknum yfir veturinn. Þá er oft glatt á hjalla, komið með bakkelsi, sungið og ýmislegt skemmtilegt brallað. Í ár höfum við þurft að stíga til hliðar og höfum ekki haldið upptekinni hefð vegna heimsfaraldursins sem nú skekur heimsbyggðina. Þá er gott að hafa afburða starfsfólk sem hlúir vel að skjólstaðingum sínum og ættingja sem annast ástfólk sitt. Við óskum Brákarhlíð til hamingju með afmælið og velfarnaðar á komandi árum. Með vinsemd og virðingu, *Edda Soffía Karlsdóttir, formaður SBK*

Kveðja frá Borgarbyggð
Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð stendur nú á merkum tímamótum en 50 ár eru liðin frá því að fyrsti áfangi heimilisins var tekinn í notkun. Á svona stundu er gott að líta til baka, skoða söguna og fagna því sem vel er gert.



Edda Soffía Karlsdóttir, formaður SBK.

Brákarhlíð hefur verið og mun um ókomna tíð verða fastur punktur í okkar samfélagi þar sem mörg okkar eiga eflaust eftir að eyða okkar ævkvöldum. Þar er unnið mikilvægt og faglegt starf auk þess sem þjónustan og aðbúnaður fyrir heimilismenn er eins og best verður á kosið sem við getum verð stolt af.

Borgarbyggð hefur verið einn af bakhjörllum Brákarhlíðar frá upphafi og hefur verið þess heiðurs aðnjótandi að fá að styðja við starfsemi Brákarhlíðar. Það er markmið og vilji sveitarfélagsins að halda áfram að byggja upp samvinnu á þessum góða grunni og vonumst við til að uppbygging Brákarhlíðar haldi áfram.



Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Að endingu vil ég fyrir hönd Borgarbyggðar óska starfsfólki og heimilisfólki á Brákarhlíð innilega til hamingju með stórafmælið og velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar

Kveðja úr Eyja- og Miklaholtshreppi
Það eru alltaf mikil tímamót að ná 50 ára aldri og ljóst að Brákarhlíð ber aldurinn vel. Margir úr okkar samfélagi hafa átt þar loka áfangann í sínu lífi umvafið góðu atlæti af því frábæra starfsfólki sem unnið hefur í Brákarhlíð alla tíð. Á undanförmum árum hefur



Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps.

mikil uppbygging átt sér stað og margar breytingar og ljóst að það er búið að búa svo um hnútana að enn betur fer umþá sem þar dvelja í framtíðinni. Það er því bjart framundan hjá afmælisbarninu og góð tilfinning fyrir íbúa okkar samfélaga að hafa aðgang að slíkum stað til að vera í síðustu ár ævinnar. Hlýhugur fylgja góðum kveðjum í okkar samfélagi til Brákarhlíðar á þessum tímamótum. *Eggert Kjartansson oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps*

Kveðja úr Skorradal
Brákarhlíð heldur nú upp á 50 ára afmæli, sem eru merk tímamót. Stofnun eins og Brákarhlíð er



Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradals-hrepps.

ekki byggð upp úr engu, því margar hendur hafa lagt mikið að mörkum. Undirbúningur að stofnun Dvalarheimilis aldraðra í Borgarfirði, sem seinna fékk nafnið Brákarhlíð, hófst mun fyrr en fyrir 50 árum. Því fyrir þann tíma höfðu áhugasamir og framsýnir aðilar, unnið að undirbúningi þessa verkefnis og fyrir það skal þakkað. Starfsemi Brákarhlíðar hefur verið til fyrirmyndar og margir hafa notið góðrar umönnunar þar, á efri árum æfi sinnar. Það má þakka góðu starfsfólki og stjórnendum og því senda Skorrðælingar hlýjar kveðjur á 50 ára afmælinu, til allra sem komið hafa að þessari góðu stofnun.

Árni Hjörleifsson oddviti

Góðar stundir



Glatt á hjalla í borðsalnum þegar Margrét Guðmundsdóttir er kvædd og þakkað fyrir samstarfið.



Jólaball í Brákarhlíð.



Leikskólabörn í heimsókn.



Úr gamla borðsalnum.



Samverustund, líklega í kringum 1980.



Hluti starfsmanna sem tók þátt í tilfektardegi heimilisins sumarið 2019.



Glaðlegur hópur, mögulega á vaktaskiptum.



Frá Porrablóti í Brákarhlíð.



Kaffipása í borðsal.



Jólaheimsókn frá Kvenfélagi Borgarness.



Kvenfélagið 19. júní færði heimilinu fjölbjálfa að gjöf.



Glatt á hjalla við sláturgerð.



Tertan frá Geirabakaríi lagðist vel í gesti sem voru viðstaddir þegar ný hjúkr-unarálma heimilisins var vígð.




Kvenfélagskonur í Kvenfélagi Borgarness gáfu Brákarhlíð innrammaðar ljósmyndir af íslenskum fuglum.

Fólkið í Brákarhlíð

Í Brákarhlíð hefur fjöldi fólks varið ævkvöldinu og eftir sitja margar góðar minningar annarra íbúa, starfsmanna og aðstandenda. Meðfylgjandi eru myndir sem finna má í albúmunum heimilisins og í safni Skessuhorns.



Þrír vaskir karlar á basar 2010. Bogi, Þórður og Einar.



Mæðgurnar Guðmunda Jónsdóttir og Helga Björg Hannesdóttir fengu báðar starfsaldursviðurkenningar síðast-liðinn vetur, Guðmunda fyrir 30 ára starf og Helga Björg fyrir 5 ára starf.



Bessý og Margrét Guðmundsdóttir, fyrrum framkvæmdarstjórar heimilisins, ásamt Margréti Sigurþórsdóttur.



Kvenfélagskonur í Borgarnesi hafa í gegnum árin komið í heimsókn í Brákarhlíð í upphafi aðventu og hér eru þær að gefa heimilinu Georg Jensen jólaóróa og fallega jóla-sveina.



Ólöfu Gunnarsdóttur þökkuað góð störf í Brákarhlíð en hún starfaði í 36 ár á heimilinu.



Margrét Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri, og Sigrún Simonardóttir, fyrrum stjórnarformaður heimilisins, á vigsludegi hjúkr-unarálmu.



ér eru þær Halla og Jórunn að prófa nýtt flutningshjálpartæki sem Fastus gaf heimilinu í tilefni 40 ára afmælis heimilisins.



Núverandi og fyrrverandi starfsfólk Brákarhlíðar við laubabrauðsgerð í desember á síðasta ári.



Við veisluborð á basardegi.

Allt á einum stað í Arion appinu

– enn þægilegri bankapjónusta!

Stofna sparnað

Kaupa tryggingar

Borga reikninga

Millifæra

Frysta kort

Sækja um
greiðslukort

Yfirsýn yfir fjármál

Skipta á milli
notenda

Dreifa greiðslum

Skoða rafræn skjöl

Finna pinnið

Stýra yfirdrætti

Koma í viðskipti

Ef þú ert ekki þegar með Arion
appið getur þú sótt það á
App Store og **Google Play**

